

SJÓVÁ

Ársreikningur samstæðunnar 2025

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.



Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður og lykiltölur (óendurskoðað)	3
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	4
Áritun óháðs endurskoðanda	8
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	13
Efnahagsreikningur	14
Eiginfjáryfirlit	15
Sjóðstreymisyfirlit	16
Skýringar	17
Óendurskoðuð fylgiskjöl	
Ársfjórðungayfirlit	62
Stjórnarháttayfirlýsing	63
Ófjárhagslegar upplýsingar	71
Selected Financial Information for the year ended 2025	89

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	2025 1.10. - 31.12.	2024 1.10. - 31.12.	2025 1.1. - 31.12.	2024 1.1. - 31.12.
Tekjur af váttryggingasamningum	8.676.659	8.457.123	34.778.368	33.597.519
Tjón tímabilsins	(7.435.141)	(6.714.155)	(25.218.609)	(25.104.761)
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	(1.780.881)	(1.790.297)	(6.827.435)	(6.615.263)
Afkoma af endurtryggingasamningum	668.224	360.619	(156.156)	(594.420)
Afkoma af váttryggingasamningum	128.861	313.291	2.576.167	1.283.075
Hreinar fjármunatekjur	44.379	88.541	609.358	671.116
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	1.938.732	3.080.836	1.839.892	4.802.767
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(113.052)	(105.338)	(411.616)	(393.624)
Afkoma fjárfestinga	1.870.059	3.064.038	2.037.634	5.080.258
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	(409.464)	(385.373)	(1.589.649)	(1.645.026)
Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði	1.460.594	2.678.665	447.985	3.435.233
Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum.....	1.589.455	2.991.956	3.024.153	4.718.308
Aðrar tekjur	22.897	35.481	162.417	170.460
Annar rekstrarkostnaður	(19.815)	(17.057)	(55.803)	(53.241)
Annar fjármagnskostnaður	(15.951)	(16.798)	(65.684)	(67.037)
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	1.576.587	2.993.582	3.065.083	4.768.490
Tekjuskattur	(176.141)	(181.611)	(998.947)	(527.588)
Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins.....	1.400.446	2.811.971	2.066.135	4.240.902
Helstu kennitölur	2025 1.10. - 31.12.	2024 1.10. - 31.12.	2025 1.1. - 31.12.	2024 1.1. - 31.12.
Tjónahlutfall	85,7%	79,4%	72,5%	74,7%
Endurtryggingahlutfall	(7,7%)	(4,3%)	0,4%	1,8%
Kostnaðarhlutfall	20,5%	21,2%	19,6%	19,7%
Samsett hlutfall	98,5%	96,3%	92,6%	96,2%
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	27,1%	50,5%	12,5%	19,7%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	24,1%	47,4%	8,4%	17,5%
Eiginfjárlutfall			31,3%	33,2%
Gjaldþolshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu			1,40	1,42
Lágmarksfjármagnshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu			3,43	3,32
Helstu liðir úr efnahagsreikningi			31.12.2025	31.12.2024
Verðbréf			62.922.280	62.575.602
Endurtryggingaeignir			3.149.463	2.040.927
Eignir samtals			76.874.393	75.692.333
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga			43.650.699	41.712.958
Eigið fé samtals			24.024.648	25.128.078

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. („félagið“ „samstæðan“ eða „Sjóvá“) fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga. Aðalstarfsemi félagsins felst í váttryggingarekstri og fjárfestingarstarfsemi. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“.

Sjóvá er alhliða tryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Tryggingavernd félagsins náði í lok árs 2025 til um 85 þúsund einstaklinga og um 9 þúsund fyrirtækja. Frá skráningu hefur Sjóvá orðið að stærsta váttryggingafélagi landsins, skilað jákvæðri afkomu af váttryggingasamningum á hverju ári og ánægja viðskiptavina og starfsmanna hefur aukist. Sterk ímynd og staða félagsins á váttryggingamarkaði var staðfest þegar niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar sýndu að Sjóvá er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni á árinu 2026, níunda árið í röð. Ánægja viðskiptavina helst í hendur við ánægju starfsfólks en starfsánægja mældist á árinu 2025 með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum. Stefna félagsins er að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð og er áhersla lögð á að þjónusta viðskiptavinum á þeirra forsendum og eftir leiðum sem hentar þeim best. Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var 189 (2024: 187). Karlar eru 47% starfsmanna en konur 53% og í hópi stjórnenda eru karlar 43% en konur 57%.

Rekstur og fjárhagslega staða 2025

Hagnaður samstæðunnar 2025 var 2.066 millj. kr. (2024: 4.241 millj. kr.). Í árslok 2025 námu eignir samstæðunnar 76.874 millj. kr. (31.12.2024: 75.692 millj. kr.), skuldir 52.850 millj. kr. (31.12.2024: 50.564 millj. kr.) og eigið fé félagsins nam 24.025 millj. kr. (31.12.2024: 25.128 millj. kr.). Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 31,3% í lok árs (31.12.2024: 33,2%), gjaldþolshlutfall nam 1,46 í árslok fyrir fyrirhugaða arðgreiðslu (31.12.2024: 1,64), en 1,40 í árslok eftir fyrirhugaða arðgreiðslu (31.12.2024: 1,42).

Rekstrarniðurstaða ársins 2025 endurspeglar afar sterkan grunnrekstur félagsins í breyttu landslagi á váttryggingamarkaði. Tekjuvöxtur er ekki jafn mikill og síðustu ár sem skýrist bæði af aukinni samkeppni á váttryggingamarkaði og minni aukningu í umsvifum viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði á milli ára í takt við þróunina í hagkerfinu. Tjónaþróun var hagfelld á árinu, sér í lagi í ljósi stórtjónaþróunar en eitt stórtjón féll til á árinu samanborið við sex stærri brunatjón á árinu 2024 og útskýrir stórbætta afkomu váttryggingasamninga á milli ára. Eftir að hafa séð jákvæða þróun í afkomu af ökutækjatrýggingum á árinu 2024 sjáum við neikvæða þróun í afkomu á árinu 2025, einkum í frjálsum ökutækjatrýggingum sem skýrist bæði af aukinni tíðni en jafnframt af hækkanði kostnaði við viðgerðir, sem í auknum mæli eru að verða flóknari í ljósi tækniþróunar bifreiða með tilheyrandi hækkan viðvarahlutaverðs, auk þess sem hækkanði vinnuliður viðgerða vegur þar þungt. Aðkallandi er að ná betur utan um þessa þróun en góður árangur hefur náðst af því að bjóða viðskiptavinum viðgerðir á framrúðum í stað útskipta en ekki hefur gengið nógu vel að nýta notaða varahluti þar sem kostur er þar sem framboð af þeim er takmarkað. Rekstrarkostnaður eykst lítillega á milli ára og er drifinn áfram af launakostnaði og rekstri og þróun upplýsingatækniinnviða og er í takt við áætlanir og áherslur á framþróun þjónustuleiða. Bæði var unnið að því á árinu að efla stafrænar þjónustuleiðir, m.a. með nýrri og endurbættri vefsíðu auk þess sem spjallmenni tekur nú á móti fyrirspurnum viðskiptavina sem það kjósa, allan sólarhringinn, og tekst að svara hluta þeirra án mannlegrar aðkomu og án þess að draga úr þjónustuupplifun. Þá var útibúanetið styrkt enn frekar með opnun nýs útibús á Höfn í Hornafirði og var vel tekið. Með betri tæknilausnum og auknu aðgengi að þjónustu um allt land færum við okkur enn nær viðskiptavinum og höldum áfram að veita framúrskarandi þjónustu. Við byggjum á þekkingu á tryggingum og teljum stöðu okkar afar sterka í þeim breytingum sem eru að eiga sér stað á váttryggingamarkaði.

Afkoma af váttryggingarekstri fyrir skatta nam á árinu 2025 2.576 millj. kr. (2024: 1.283 millj. kr.). Tekjur af váttryggingasamningum námu 34.778 millj. kr. (2024: 33.598 millj. kr.) og jukust um 3,5% á milli ára. Kostnaður af váttryggingasamningum nam 32.046 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 31.720 millj. kr.) og jókst um 1,0% á milli ára. Samsett hlutfall var 92,6% á árinu 2025 (2024: 96,2%).

Afkoma af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta nam á árinu 2025 448 millj. kr. (2024: 3.435 millj. kr.). Fjárfestingatekjur námu 2.449 millj. kr. á árinu 2025 (2024: 5.474 millj. kr.). Ávöxtun af fjárfestingareignum í stýringu var 3,7% á árinu (2024: 9,4%) sem er tæpum 5 prósentustigum minna en viðmið um ávöxtun sem sett var fram í upphafi ársins 2025 og tekur mið af fjárfestingastefnu.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Rekstur og fjárhagslega staða 2025 frh.:

Góð afkoma var af skuldabréfasafni og nam ávöxtun 8,4% en tap var af skráðum og óskráðum hlutabréfum sem skýrist að mestu af mikilli gengislækkun hlutabréfa í Alvotech og nemur tapið á þeirri stöðu 1.586 m.kr. á árinu. Tap af safni óskráðra hlutabréfa nam 194 m.kr. á árinu.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem nemur kr. 0,95 á hlut fyrir rekstrarárið 2025 eða um 1.100 millj. kr. Arðgreiðslustefna félagsins miðar við að greiða að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs til huthafa í formi arðs, að því gefnu að gjaldþol sé innan gjaldþolsviðmiða stjórnar sem er á bilinu 1,4-1,7. Gjaldþol eftir fyrirhugaða arðgreiðslu er 1,40. Fjárhagslegur styrkur félagsins er mikill líkt og ársreikningur félagsins sýnir. Eiginfjárlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu er 30,3% og fjárhagsstaða félagsins er traust og félagið eftir sem áður færð um að standa þétt við bakið á viðskiptavinum og mæta ófyrirséðum áföllum í rekstri.

Samfélagsleg ábyrgð og ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Það er yfirlýst stefna félagsins að starfa í sátt við samfélagið og umhverfið. Sjálfbær og samfélagslega ábyrg starfsemi stuðlar að arðsemi og vexti til framtíðar, til hagsbóta fyrir samfélag, viðskiptavinum, starfsfólk og hluthafa. Lögð er áhersla á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja að hún sé aðgengileg og í takt við þarfir og óskir viðskiptavina. Góðar starfsaðstæður og mikil starfsánægja eiga að tryggja að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Sjóvá fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemina og markvisst er leitast við að lágmarka umhverfisáhrif í starfseminni. Sjóvá fékk 80 í einkunn af 100 mögulegum í UFS sjálfbærnimati Reitunar sem framkvæmt var á árinu 2025. Matið gerir grein fyrir hvernig fyrirtæki standa frammi fyrir áhættum sem snúa að umhverfis-, félags- og stjórnarháttum. Sjóvá stendur í stað í matinu milli ára en kröfurnar í því hafa aukist ár frá ári. Sjóvá fékk líkt og síðustu ár hæstu einkunn fyrir félagsþáttinn eða einkunnina 97 af 100 mögulegum, en þar eru meðal annars mældir þættir eins og vinnuumhverfi, velferð starfsfólks og viðskiptaánægja.

Sjóvá veitir árlega styrki til aðila sem vinna að forvörnum og mikilvægum málefnum í þágu samfélagsins. Lögð er áhersla á að styrkja verkefni sem styðja við hlutverk og stefnu félagsins. Sjóvá hefur átt farsælt samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörgu um áratuga skeið. Sjóvá er aðalstyrktaraðili samtakanna og hefur unnið með þeim á vettvangi fjölbreyttra forvarnaverkefna, öryggismála og trygginga. Ber þar sérstaklega að nefna styrk til kaupa á þremur nýjum björgunarskipum sem öll hafa verið tekin í notkun og bætt hafa viðbragðstíma á hafinu í kringum Ísland svo um munar. Þessi styrkur er stærsti einstaki styrkur sem veittur hefur verið til leitar- og björgunarstarfa á Íslandi. Á árinu var ráðist í herferð þar sem umhverfismiðlar voru nýttir til að koma mikilvægum forvarna- og öryggisskilaboðum til vegfarenda, byggt á tjónagögnum félagsins og slysatölum Samgöngustofu. Að auki var ráðist í átak um haustið til að vekja athygli á þeim fjölda barna sem bætast árlega við umferðina í upphafi skólaárs. Þannig var athygli vakin á ábyrgð okkar allra á að tryggja öryggi í umferðinni, með það að markmiði að fækka slysum og stuðla þannig að betra og öruggara samfélagi. Áfram var unnið að samstarfsverkefni með Samgöngustofu til að fræða um hættuna sem fylgir farsímanotkun undir stýri. Verkefnið ber yfirskriftina „Ekki taka skjáhættuna“ og hefur það verið í gangi frá árinu 2024. Samkvæmt árlegri könnun Samgöngustofu dróst símnnotkun við akstur saman um 8,6% eftir að herferðinni var hrundið af stað. Auk þess að vera aðalstyrktaraðili Landsbjargar veitir Sjóvá árlega styrki til fjölmargra aðila sem vinna að málefnum í þágu samfélagsins. Á meðal styrkþega í ár má nefna Lífssporið, hlaup sem Líf styrktarfélag heldur til styrktar kvennadeildar Landspítalans, Ljósafoss gönguna, sem haldin er til styrktar Ljósinu endurhæfingarmiðstöð fyrir þá sem hafa greinst með krabbamein og Hinsegin daga í Reykjavík. Við val á styrkþegum er lögð áhersla á að verkefnið sem unnið er að styðji við hlutverk og stefnu félagsins og þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem það leggur sérstaka áherslu á, með hliðsjón af eðli starfseminnar.

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfismál, félagsmál og stjórnarhætti, sem og stefnu félagsins í mannréttindamálum, mútu- og spillingamálum eru birtar í viðauka við ársreikninginn.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Áhættustýring

Áhættustýring er einn af grunnþáttum í stjórnkerfi samstæðunnar og er höfð til grundvallar í skipulagi og ákvarðanatöku. Verklag og aðgerðir hafa verið innleiddar til að greina, mæla og draga úr og/eða dreifa áhættum sem steðjað geta að í rekstri með það að markmiði að vernda félögin, viðskiptavinum og váttryggða. Áhættustýring nær yfir þá áhættuþætti sem notaðir eru við útreikning á gjaldþolskröfu; váttrygginga-, markaðs-, mótaðila- og rekstraráhættu, auk lausafjár-, eiginfjár- og orðsporsáhættu. Félögin hafa skilgreint ábyrgðaraðila og áhættumælikvarða fyrir einstaka áhættuþætti ásamt áhættuvilja og þolmörk fyrir mælikvarðana. Frekari upplýsingar um áhættustýringu er að finna í stjórnarháttayfirlýsingu og skýringum 26-32.

Samþykktir, stjórn og hlutafé

Stjórn félagsins er skipuð fimm stjórnarmönnum og tveimur til vara. Aðalfundur félagsins kys stjórn og skal kjörtímabil hennar vera til næsta aðalfundar.

Stjórn félagsins skipa: Björgólfur Jóhannsson formaður, Hildur Árnadóttir varaformaður, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Varamenn í stjórn eru Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason.

Stjórnarkjör skal fara fram sem hlutfallskosning milli einstaklinga. Fyrstu fjögur stjórnarsætin skulu skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið. Sá einstaklingur, karl eða kona, sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum að atkvæðamagni, skal teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Skulu varamenn vera sá karl og sú kona sem fá flest atkvæði við kjörið. Félagið uppfyllir kröfur um kynjahlutfall í stjórn en hana skipa tvær konur og þrír karlar.

Samþykki hluthafafundar þarf til hækkunar og lækkunar hlutafjár og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum. Verði hlutafé félagsins hækkað skulu hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutafjareign sína.

Á aðalfundi félagsins 13. mars 2025 var samþykkt að greiða arð sem nam 2,94 kr. á hlut vegna ársins 2024 og var greiðsludagur 27. mars 2025.

Á aðalfundinum var einnig samþykkt heimild stjórnar til að kaupa eigin hluti með framkvæmd endurkaupaáætlunar sem má að hámarki nema 115,7 milljón hlutum og takmarkast við að eignarhald félagsins fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Félagið keypti enga eigin hluti á árinu.

Hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi er 1.162 millj. kr, en hlutafé var aukið um 5,1 millj. kr. á árinu til að mæta nýtingu starfsmanna á kaupréttarsamningum samkvæmt kaupréttaráætlun sem var samþykkt á aðalfundi félagsins þann 7. mars 2024. Sjá nánar í skýringu 22.

Hlutafé félagsins er í einum flokki sem skráður er á Nasdaq Iceland. Allir hlutir njóta sömu réttinda.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Samþykktir, stjórn og hlutafé, frh.:

Í árslok 2025 voru hluthafar 1.224 en þeir voru 1.105 í ársbyrjun og jukst því þeir um 119 á árinu. 48,8% hluta eru í eigu lífeyrissjóða, 37,0% í eigu einstaklinga og fyrirtækja, 8,4% í eigu innlendra verðbréfasjóða, 3,7% í eigu erlendra verðbréfasjóða og 2,1% í eigu fjármálafyrirtækja. Tíu stærstu hluthafar í árslok og hlutfallsleg eign þeirra er eftirfarandi:

	Virkur eignarhluti
Hrólfssker ehf.	15,9%
Snæból ehf.	9,7%
Gildi - lífeyrissjóður	9,1%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	7,8%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	7,4%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	7,1%
Brú - Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	6,6%
EGG fjárfestingar ehf.	3,3%
Stapi lífeyrissjóður	2,3%
Birta lífeyrissjóður	1,9%

Stjórnarhættir

Stjórn Sjóváar hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tilnefningarnefnd Sjóváar tók til starfa í október 2018 og er hlutverk hennar að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu. Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga hefur stjórn félagsins útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem fylgir með ársreikningnum og er birt á heimasíðu félagsins. Helstu þættir í árangursmati stjórnar eru tíundaðir í stjórnarháttayfirlýsingunni.

Í tengslum við gerð ársreiknings hefur félagið komið á innra eftirliti og stýrir áhættu með viðeigandi aðgreiningu starfa og vel skilgreindum ábyrgðarsviðum. Ferlar eru til staðar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, tónavinnslu, rekstrarkostnaði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á ársreikning félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2025. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Sjóváar hafa í dag farið yfir samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 12. febrúar 2026

Í stjórn:

Björgólfur Jóhannsson stjórnarformaður

Hildur Árnadóttir, varaformaður

Guðmundur Örn Gunnarsson

Ingi Jóhann Guðmundsson

Ingunn Agnes Kro

Forstjóri:

Hermann Björnsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Sjóvá-Almennra trygginga hf. („félagið“) fyrir árið 2025. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun samstæðuársreikninga eininga tengdum almannahagsmunum og höfum uppfyllt aðrar siðferðilegar skyldur okkar í samræmi við þessar reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og að við erum óháð félaginu við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi félagsins þann 15. mars 2018 og höfum verið endurskoðendur félagsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Lykilþáttur	Endurskoðunin
Mat skuldbindingar vegna váttryggingasamninga Skuldbinding vegna váttryggingasamninga nam 43,7 milljörðum króna í árslok 2025 og er hún 83% skulda samstæðunnar. Skuldbinding vegna váttryggingasamninga skiptist í skuldbindingu vegna eftirstæðrar váttryggingaverndar og skuldbindingu vegna orðinna tjóna. Visað er til skýringar 37i um reikningsskilaaðferðir vegna váttryggingasamninga og skýringar 24 um fjárhagsupplýsingar. Einfaldaðri úthlutunaraðferð IFRS 17 um váttryggingasamninga er beitt við mat á safn váttryggingarsamninga samstæðunnar. Í skuldbindingu vegna eftirstæðrar váttryggingarverndar eru innborgaðar tekjur vegna váttryggingarverndar sem tilheyra síðari tímabilum, eignfærður kostnaður við öflun samninga, skuldbinding vegna íþyngjandi samninga og skuldum sem tilheyra eftirstæðri váttryggingavernd. Skuldbinding vegna orðinna tjóna er besta mat samstæðunnar á núvirtum væntum framtíðargreiðslum við uppgjör skuldbindingarinnar og öryggisálagi vegna þeirrar óvissu sem matið felur í sér. Besta mat tekur tillit til beins og óbeins kostnaðar sem tilheyra veittri váttryggingavernd á gildistíma samninga, auk ágóðahlutdeildar og skulda sem tilheyra orðnum tjónum. Mat stjórnenda á áætluðum óuppgerðum tjónum, hvort sem þau hafa verið tilkynnt samstæðunni eða ekki, er lykilþáttur við endurskoðun vegna hárrar eðlislægrar áhættu við mat á væntum framtíðargreiðslum vegna orðinna tjóna. Það getur tekið nokkur ár að gera upp tjón og endanlegur kostnaður getur ráðist af þáttum sem eru óþekktir á reikningsskiladegi eða er ekki á færi samstæðunnar að stjórna. Mat skuldbindingar vegna orðinna tjóna, sem ekki hafa verið tilkynnt til samstæðunnar, er háð mestri óvissu. Mat tjóna er háð gögnum sem liggja fyrir og þeim forsendum sem byggt er á við matið. Breytist forsendur getur það haft veruleg áhrif á fjárhæð skuldbindingar vegna orðinna tjóna.	Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að meta þær forsendur sem stjórnendur nota við mat á skuldbindingu vegna váttryggingarsamninga. Við gerðum áhættumat í þeim tilgangi að öðlast skilning á upplýsingakerfum, verklagsreglum og eftirlitum tengdum tjónum og útgáfu tryggingaskirteina. Gerðar voru prófanir á mikilvægum eftirlitum með aðskilnaði starfa við skráningu tjóna, um ákvörðun bótaskyldu og eftirliti stjórnenda með greiðslu tjónabóta. Lagt var mat á virkni upplýsingakerfa sem notuð eru við færslu tekna, útgáfu tryggingaskirteina, tjónaskráningu og flutning upplýsinga milli tjónakerfis og fjárhagskerfis. Við máttum vinnureglur, verklag og skjölun við útreikning skuldbindingar vegna orðinna tjóna. Gerðar voru úrtaksprófanir á óuppgerðum tilkynntum tjónum í árslok til að staðfesta tilvist þeirra og að mat tjóna sé viðeigandi, ásamt því að staðfesta réttmæti greiðslna á tjónum. Við notuðum okkar eigin tryggingastærðfræðinga við sjálfstæðan útreikning á skuldbindingum vegna orðinna tjóna, mat á aðferðum og forsendum við mat skuldbindingarinnar og hvort bókfærð fjárhæð hennar sé viðeigandi. Staðfest var með úrtaki á heild og nákvæmni þeirra gagna sem notuð voru við útreikning á skuldbindingu vegna orðinna tjóna. Við yfirfórum að útreikningur og mat stjórnenda á skuldbindingu vegna orðinna tjóna sé í samræmi við reglur sem um það gilda og IFRS 17 um váttryggingasamninga. Við höfum farið yfir að framsetning og upplýsingar í skýringum séu í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og reglur er lúta að reikningsskilum váttryggingafélaga.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Lykilþáttur	Endurskoðunin
Mat á verðbréfum Bókfært verð verðbréfa nam 62,9 milljörðum króna og er 82% af bókfærðum eignum samstæðunnar í árslok 2025. Vísað er til skýringar 37c um reikningsskilaaðferðir og skýringa 14 og 15. Samstæðan á og stjórnar safni verðbréfa til að mæta skuldbindingum vegna ógreiddra tjóna. Samstæðan setur sér fjárfestingastefnu þar sem meðal annars er fjallað um samsetningu verðbréfa og hversu mikla áhættu heimilt er að taka. Verðbréfin eru að jafnaði í vörslu banka. Þar sem verðbréf eru verulegur hluti af eignum samstæðunnar þá er það lykilþáttur í endurskoðun okkar. Verðbréfin eru færð á gangvirði og er meirihluti þeirra skráður á virkum markaði og hægt að nálgast upplýsingar um markaðsvirði bréfanna. Nokkur óvissa getur verið um matið, sérstaklega á skráðum verðbréfum þegar viðskipti eru strjál og á óskráðum verðbréfum, sem samtals eru metin á 12,2 milljarða króna og eru skilgreind í stig 2 og 3 samkvæmt stigkerfi gangvirðis. Við mat á þessum verðbréfum þurfa stjórnendur að gefa sér forsendur um ýmsa þætti sem hafa áhrif á matið. Þess vegna er mat skráðra verðbréfa þar sem viðskipti eru strjál og óskráðra verðbréfa lykilþáttur í endurskoðun okkar.	Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að staðfesta eignarhald samstæðunnar á verðbréfum í árslok og leggja mat á forsendur sem stjórnendur nota við útreikning á verðmæti þeirra. Í þeirri vinnu fólst meðal annars að staðfesta tilvist og eignarhald verðbréfa í árslok með utanaðkomandi staðfestingum. Við staðfestum gengi á meirihluta skráðra verðbréfa með aðstoð gagnaveitna og upplýsingum frá sjóðstjórum óskráðra verðbréfasjóða. Við máttum aðferðir og útreikninga stjórnenda samstæðunnar á verðmæti óskráðra verðbréfa með aðstoð verðmatssérfræðinga okkar. Við höfum farið yfir upplýsingar í skýringu 14 með aðstoð verðmatssérfræðinga, að fjáreignir flokkist í rétt gangvirðisstig og séu í samræmi við reikningsskilareglur.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru upplýsingar í ársskýrslu að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Skipuleggjum við og framkvæmum endurskoðun samstæðunnar til að afla nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar félaga eða eininga innan samstæðunnar sem grundvöll til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og mati á endurskoðunarvinnu vegna samstæðunnar. Við berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Áritun og staðfesting vegna annarra ákvæða laga og reglna

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Sjóvá-Almennra trygginga hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á því hvort samstæðuársreikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. fyrir árið 2025 með skráarheitið [213800R3IXBON2LBEI63-2025-12-31-is] hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið í samræmi við reglugerð ESB 2019/815 sem inniheldur skilyrði sem tengjast gerð samstæðuársreikningsins á XHTML formi og iXBRL merkingum.

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021. Í því felst meðal annars að útbúa samstæðuársreikninginn á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar ESB 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið.

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu, byggt á gögnum sem við höfum aflað, um hvort samstæðuársreikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með álitum okkar. Eðli, tímasetning og umfang vinnunnar byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á hættunni á að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglunum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. fyrir árið 2025 með skráarheitið [213800R3IXBON2LBEI63-2025-12-31-is] sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Díana Hilmarsdóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun samstæðuársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 12. febrúar 2026

KPMG ehf.

Díana Hilmarsdóttir
Sigurjón Örn Arnarson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

	Skýr.	2025	2024
Tekjur af váttryggingasamningum		34.778.368	33.597.519
Kostnaður af váttryggingasamningum	6	(32.046.045)	(31.720.024)
Afkoma af endurtryggingasamningum	7	(156.156)	(594.420)
Afkoma af váttryggingasamningum		2.576.167	1.283.075
Hreinar fjármunatekjur	10	609.358	671.116
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	10	1.839.892	4.802.767
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	6	(411.616)	(393.624)
Afkoma fjárfestinga		2.037.634	5.080.258
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	24	(1.589.649)	(1.645.026)
Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði		447.985	3.435.233
Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum		3.024.153	4.718.308
Aðrar tekjur		162.417	170.460
Annar rekstrarkostnaður	6	(55.803)	(53.241)
Annar fjármagnskostnaður	19	(65.684)	(67.037)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.065.083	4.768.490
Tekjuskattur	11	(998.947)	(527.588)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		2.066.135	4.240.902
Skipting hagnaðar			
Hluthafar móðurfélagsins		2.066.135	4.240.902
Hagnaður á hlut:	12		
Grunnhagnaður á hlut		1,79	3,67
Þynntur hagnaður á hlut		1,78	3,66

Skýringar á blaðsíðum 17 til 61 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum samstæðuársreikningi.

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Handbært fé		1.754.001	1.567.913
Verðbréf	14-15	62.922.280	62.575.602
Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	16	5.315.713	5.493.189
Endurtryggingaeignir	24	3.149.463	2.040.927
Aðrar kröfur	17	1.840.924	2.006.460
Viðskiptavild	18	243.578	243.578
Leiguaeignir	19	1.132.526	1.211.871
Rekstrarfjármunir	20	515.908	552.793
Eignir samtals		76.874.393	75.692.333
Eigið fé			
Hlutfé		1.161.702	1.156.590
Yfirverðsreikningur hlutafjár		171.760	0
Lögbundinn varasjóður		290.425	289.148
Bundið eigið fé		6.095.209	4.988.805
Óráðstafað eigið fé		16.305.551	18.693.535
Eigið fé samtals	22	24.024.648	25.128.078
Skuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	23	1.575.875	1.456.493
Skattar til greiðslu	21	1.035.158	535.224
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga	24	43.650.699	41.712.958
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka	16	5.315.713	5.493.189
Leiguskuldir	19	1.249.793	1.313.549
Skattskuldbinding	21	22.506	52.842
Skuldir samtals		52.849.745	50.564.255
Eigið fé og skuldir samtals		76.874.393	75.692.333

Skýringar á blaðsíðum 17 til 61 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum samstæðuársreikningi.

Eiginfjárfirlit

	Skýr.	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2025	22	1.156.590	0	289.148	4.988.805	18.693.535	25.128.078
Heildarhagnaður ársins						2.066.135	2.066.135
Bundið eigið fé vegna verðbréfa					838.694	(838.694)	0
Bundið eigið fé vegna dótturf.					267.710	(267.710)	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga .						53.936	53.936
Hlutfjárfærslukning		5.112	171.760				176.872
Lagt í lögbundinn varasjóð				1.278		(1.278)	0
Arður 2,94 kr. á hlut						(3.400.374)	(3.400.374)
Eigið fé 31.12.2025		<u>1.161.702</u>	<u>171.760</u>	<u>290.425</u>	<u>6.095.209</u>	<u>16.305.551</u>	<u>24.024.648</u>
Eigið fé 1.1.2024	22	1.156.590	0	316.904	4.595.500	17.252.307	23.321.301
Heildarhagnaður ársins						4.240.902	4.240.902
Bundið eigið fé vegna verðbréfa					301.197	(301.197)	0
Bundið eigið fé vegna dótturf.					92.108	(92.108)	0
Kostnaður v/ kaupréttarsamninga .						17.844	17.844
Leyst úr lögbundnum varasjóði				(27.757)		27.757	0
Arður 2,12 kr. á hlut						(2.451.970)	(2.451.970)
Eigið fé 31.12.2024		<u>1.156.590</u>	<u>0</u>	<u>289.148</u>	<u>4.988.805</u>	<u>18.693.535</u>	<u>25.128.078</u>

Skýringar á blaðsíðum 17 til 61 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum samstæðuársreikningi.

Sjóðstreymisyfirlit

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður og heildarhagnaður ársins		2.066.135	4.240.902
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Hreinar fjármunatekjur		(609.358)	(671.116)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna		(1.839.892)	(4.802.767)
Afskriftir rekstrarfjármuna og leigueigna	19 - 20	244.481	222.559
Sölutap (söluhagnaður) rekstrarfjármuna	20	138	(3.933)
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé	13	53.936	17.844
		<u>(84.559)</u>	<u>(996.510)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Verðbréf, breyting		(358.707)	(5.415.107)
Skattskuldbinding, breyting		(30.336)	16.595
Endurtrygginga eignir, breyting		(1.108.536)	(225.005)
Aðrar kröfur, breyting		165.537	17.582
Skuldbinding vegna vátryggingasamninga, breyting		1.937.742	4.964.147
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		1.148.665	338.251
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>1.754.364</u>	<u>(303.536)</u>
Innborgaðar fjármunatekjur		2.464.965	2.554.414
Greiddur tekjuskattur og sérstakur fjársýsluskattur		(529.349)	(640.195)
Handbært fé frá rekstri		<u>3.605.421</u>	<u>614.172</u>
Fjárfestingahreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	20	(46.000)	(103.816)
Söluverð rekstrarfjármuna	20	849	12.112
Fjárfestingahreyfingar		<u>(45.151)</u>	<u>(91.704)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Greiddur arður til hluthafa		(3.400.374)	(2.451.970)
Innborgað hlutafé		176.872	0
Afborganir af leiguskuldum		(146.993)	(128.605)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(3.370.495)</u>	<u>(2.580.575)</u>
Breyting á handbæru fé		189.774	(2.058.107)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(3.685)	26.147
Handbært fé í ársbyrjun		<u>1.567.913</u>	<u>3.599.873</u>
Handbært fé í árslok		<u>1.754.001</u>	<u>1.567.913</u>

Skýringar á blaðsíðum 17 til 61 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum samstæðuársreikningi.

Skýringar

1 Félagið

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. ("félagið", "samstæðan" eða "Sjóvá") er hlutafélag með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess í Kringlunni 5, Reykjavík. Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. og Sjóvá Forvarnahúsið ehf., sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Aðalstarfsemi félagsins felst í váttryggingarekstri og fjárfestingastarfsemi.

2 Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastaðla sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga.

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. staðfesti ársreikninginn þann 12. febrúar 2026.

Yfirlit um mikilvægar reikningsskilaaðferðir samstæðunnar er að finna í skýringu 37.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf eru færð á gangvirði.

c. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa lagt mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og telja hana hafa styrk til áframhaldandi starfsemi. Samstæðureikningurinn hefur því verið gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi. Niðurstöður athugunar á greiðsluhæfi félagsins gefa til kynna að félagið hafi yfir að ráða nægu fjármagni til að styðja við áframhaldandi rekstur.

d. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

3 Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur og lagt mat á þá liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar, sjá skýringu 14 um gangvirði fjáreigna og skýringu 24 um skuldbindingu vegna váttryggingasamninga. Einnig má finna nánari umfjöllun í skýringu 37.

Mat á gangvirði fjáreigna

Gangvirði er verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum á matsdegi.

Fjáreignum og fjárskuldum er skipt í sérstaka flokka. Flokkunin hefur áhrif á hvernig viðeigandi fjármálagerningur er metinn. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er eftirfarandi:

- Fjáreignir á gangvirði eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning.
- Kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Það er mat stjórnenda að gangvirðið sé ekki verulega frábrugðið því verði.
- Fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Skýringar, frh.:

3 Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir, frh.:

Mat á skuldbindingu vegna váttryggingasamninga - einfölduð úthlutunaraðferð

Váttrygginga- og endurtryggingasamningar samstæðunnar falla allir undir einfaldaða úthlutunaraðferð IFRS 17. Aðferðin felur í sér einfaldað mat á váttryggingasamningum í samanburði við almennt matslíkan staðalsins og er heimil þegar tryggingavernd spannar eitt ár eða skemur, eða þegar aðferðin leiðir til niðurstöðu sem er ekki verulega frábrugðin almenna líkaninu.

Lykilþættir í óvissu á mati

a. Endanleg fjárhæð tjónabóta

Mat á endanlegri fjárhæð vænts tjónakostnaðar samstæðunnar vegna gerðra váttryggingasamninga er mikilvægasta reikningshaldslega mat samstæðunnar. Við mat á skuldbindingunni þarf að taka tillit til margra þátta sem háðir eru óvissu og hafa áhrif á endanlegan tjónakostnað. Meðal þessara óvissuþátta eru áætlanir um tjónafjölda, fjárhæð meðaltjóns, ytri aðstæður og þróun verðlags.

b. Ákvörðun á gangvirði fjármálagerninga

Verðbréf samstæðunnar eru metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Skráð gengi er til fyrir meirihluta þessara eigna. Mat á gangvirði óskráðra verðbréfa byggir á viðurkenndum aðferðum.

Mat á gangvirði tekur mið af markaðsaðstæðum og þeim upplýsingum sem eru til staðar um viðkomandi fjáreign á matsdegi. Í einhverjum tilfellum er byggt á hlutlægu mati sem getur verið háð óvissu.

c. Ákvörðun virðisrýrnunar fjáreigna

Niðurfærsluþörf fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er metin. Mat stjórnenda á virðisrýrnun byggir á upplýsingum um vænt sjóðsflæði af viðkomandi eign. Við mat á væntu sjóðsflæði, meta stjórnendur fjárhagslega stöðu mótaðila og vænt virði undirliggjandi trygginga. Breytingar á forsendum geta haft áhrif á bókfært virði fjármálagerninga.

4 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Við gerð ársreikningsins var beitt sömu reikningsskilaaðferðum og árið 2024.

Skýringar, frh.:

5 Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf til lykilstjórnenda samstæðunnar. Samstæðunni er skipt upp í þrjá starfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjárfestingastarfsemi.

Árið 2025

	Skaða- tryggingar	Líf- tryggingar	Fjárfestingar	Samstæða
Tekjur af vátryggingasamningum	31.170.692	3.607.676	0	34.778.368
Tjón ársins	(24.011.148)	(1.207.461)	0	(25.218.609)
Rekstrarkostnaður af vátryggingasamningum	(6.071.239)	(756.196)	0	(6.827.435)
Afkoma af endurtryggingasamningum	50.259	(206.415)	0	(156.156)
	<u>1.138.564</u>	<u>1.437.603</u>	<u>0</u>	<u>2.576.167</u>
Hreinar fjármunatekjur	0	0	609.358	609.358
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	0	0	1.839.892	1.839.892
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	0	0	(411.616)	(411.616)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>2.037.634</u>	<u>2.037.634</u>
Fjármagnsliðir vátryggingasamninga	0	0	(1.589.649)	(1.589.649)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	<u>1.138.564</u>	<u>1.437.603</u>	<u>447.985</u>	<u>3.024.153</u>
Aðrar tekjur				162.417
Annar rekstrarkostnaður				(55.803)
Annar fjármagnskostnaður				(65.684)
				<u>(998.947)</u>
Hagnaður og heildarhagnaður ársins				<u><u>2.066.135</u></u>

Skýringar, frh.:

5 Starfspáttayfirlit, frh.:

Árið 2024

	Skaða- tryggingar	Líf- tryggingar	Fjárfestingar	Samstæða
Tekjur af vátryggingasamningum	30.194.501	3.403.018	0	33.597.519
Tjón ársins	(23.678.423)	(1.426.338)	0	(25.104.761)
Rekstrarkostnaður af vátryggingasamningum	(5.875.851)	(739.412)	0	(6.615.263)
Afkoma af endurtryggingasamningum	(510.491)	(83.929)	0	(594.420)
	129.736	1.153.339	0	1.283.075
Hreinar fjármunatekjur	0	0	671.116	671.116
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	0	0	4.802.767	4.802.767
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	0	0	(393.624)	(393.624)
	0	0	5.080.258	5.080.258
Fjármagnsliðir vátryggingasamninga	0	0	(1.645.026)	(1.645.026)
Rekstrarafkoma starfspáttar	129.736	1.153.339	3.435.233	4.718.308
Aðrar tekjur				170.460
Annar rekstrarkostnaður				(53.241)
Annar fjármagnskostnaður				(67.037)
Tekjuskattur				(527.588)
Hagnaður og heildarhagnaður ársins				4.240.902

Skýringar, frh.:

5 Starfsþáttayfirlit, frh.:

Skaðatryggingarekstur samstæðunnar greinist þannig eftir váttryggingagreinum*:

Árið 2025

	Eigna- tryggingar	Sjó, flug & farm- tryggingar	Lögbundnar ökutækja- tryggingar	Frjálsar ökutækja- tryggingar	Ábyrgðar- tryggingar	Alm. slysa og sjúkra- tryggingar	Atvinnu- slysa- tryggingar	Sjúkra- kostnaðar- tryggingar	Samtals
Tekjur af váttryggingasamningum	7.172.570	1.010.536	12.248.522	6.224.726	1.894.227	1.543.476	1.036.260	40.377	31.170.692
Tjón ársins	(4.676.307)	(574.896)	(9.711.318)	(5.801.186)	(1.300.220)	(1.198.169)	(737.007)	(12.044)	(24.011.148)
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum ..	(1.380.936)	(173.812)	(2.363.721)	(1.442.490)	(258.718)	(298.178)	(145.524)	(7.860)	(6.071.239)
Afkoma af endurtryggingasamningum	642.528	(269.393)	(37.281)	0	(246.371)	23.095	(62.319)	0	50.259
Afkoma af váttryggingasamningum	1.757.855	(7.565)	136.202	(1.018.950)	88.917	70.224	91.409	20.472	1.138.564

Árið 2024

	Eigna- tryggingar	Sjó, flug & farm- tryggingar	Lögbundnar ökutækja- tryggingar	Frjálsar ökutækja- tryggingar	Ábyrgðar- tryggingar	Alm. slysa og sjúkra- tryggingar	Atvinnu- slysa- tryggingar	Sjúkra- kostnaðar- tryggingar	Samtals
Tekjur af váttryggingasamningum	6.988.869	1.055.934	11.812.622	5.919.946	1.864.977	1.366.042	1.145.131	40.978	30.194.501
Tjón ársins	(5.197.542)	(523.009)	(9.262.410)	(5.391.784)	(1.542.625)	(866.633)	(881.294)	(13.127)	(23.678.423)
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum ..	(1.382.335)	(166.389)	(2.273.113)	(1.368.994)	(251.343)	(274.230)	(151.923)	(7.524)	(5.875.851)
Afkoma af endurtryggingasamningum	(190.795)	(123.001)	(90.667)	0	(105.399)	(2.692)	2.063	0	(510.491)
Afkoma af váttryggingasamningum	218.197	243.535	186.432	(840.832)	(34.389)	222.488	113.977	20.327	129.736

*Samkvæmt Solvency II.

Skýringar, frh.:

6 Kostnaður af váttryggingasamningum og rekstrarkostnaður

Tjón ársins og rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2025	2024
Tjón ársins	25.218.609	25.104.761
Laun og launatengd gjöld	4.001.199	3.689.043
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	1.865.676	1.982.944
Ágóðahlutdeild	1.183.498	1.167.581
Afskriftir rekstrarfjármuna og leigueigna	244.481	222.559
	<u>32.513.463</u>	<u>32.166.889</u>

Kostnaður af váttryggingasamningum, kostnaður af fjárfestingastarfsemi og annar rekstrarkostnaður greinist þannig í rekstrarreikningi og yfirliti yfir heildarafkomu:

Kostnaður af váttryggingasamningum		
Tjón ársins	25.218.609	25.104.761
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	6.827.435	6.615.263
	<u>32.046.045</u>	<u>31.720.024</u>
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	411.616	393.624
Annar rekstrarkostnaður	55.803	53.241
	<u>32.513.463</u>	<u>32.166.889</u>

7 Afkoma af endurtryggingasamningum

Afkoma af endurtryggingasamningum greinist þannig:

	2025	2024
Hluti endurtryggjenda í tekjum af váttryggingasamningum	(2.296.702)	(2.022.848)
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins	1.970.691	1.265.022
Umboðslaun	169.855	163.405
Afkoma af endurtryggingasamningum samtals	<u>(156.156)</u>	<u>(594.420)</u>

8 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun	2.882.026	2.677.451
Lífeyrisiðgjöld	444.211	414.602
Tryggingagjald	223.401	207.195
Fjársýsluskattur	193.497	179.460
Kostnaður vegna kaupréttarsamninga	53.936	17.844
Annar starfsmannakostnaður	204.127	192.490
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>4.001.199</u>	<u>3.689.043</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) 189 187

47% starfsmanna eru karlar og 53% konur. Konur eru 57% stjórnenda og karlar 43%.

9 Endurskoðunarkostnaður

Endurskoðunarkostnaður greinist þannig:

	2025	2024
KPMG ehf. vegna endurskoðunar og endurskoðunartengdrar þjónustu	28.064	27.996
KPMG ehf. - Staðfestingarvinna og yfirferð skattframtala	1.658	3.897
Endurskoðunarkostnaður samtals	<u>29.722</u>	<u>31.893</u>

Fjárhæðirnar hér að ofan innihalda 24% virðisaukaskatt.

Skýringar, frh.:

10 Fjárfestingatekjur

Eiginfjáráætla er hættan á að magn og gæði eiginfjár sé ekki nægilegt til þess að mæta skuldbindingum og ófyrirséðum áföllum. Það er stefna félagsins að viðhalda sterkum eiginfjárgrunni til að stuðla að stöðugleika og fjárhagslegum styrk til að mæta kröfum váttryggingataka, eftirlitsaðila og hagsmunaaðila. Stjórn hefur sett sér þau viðmið að gjaldþolslutfall samstæðunnar sé á bilinu 1,4 til 1,7. Gjaldþolslutfall er reiknað í það minnsta ársfjórðungslega og eigið áættu- og gjaldþolsmat framkvæmt að minnsta kosti árlega þar sem meðal annars er lagt mat á heildargjaldþolsþörf samstæðunnar. Nánar er fjallað um gjaldþol og gjaldþolskröfu samstæðunnar í skýringu 25.

33 Skuldbindingar

Möguleg skuldbinding vegna áskriftarloforða tengdum fjárfestingum er að hámarki 1.477 millj. kr. í árslok 2025.

34 Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar með veruleg áhrif, dótturfélög, stjórnarmenn, lykilstjórnendur og félög í þeirra eigu, ásamt mökum þeirra og ófjárráða börnum teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar.

Viðskipti við tengda aðila voru gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Skýringar, frh.:

34 Tengdir aðilar, frh.:

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

2025	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Lykilstarfsmenn og aðilar tengdir lykilstarfsmönnum	4.585	2.284	735	
Stjórn og aðilar tengdir stjórnarmönnum	430.395	598.252	151.356	
Samtals	434.981	600.536	152.092	0

2024	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Lykilstarfsmenn og aðilar tengdir lykilstarfsmönnum	3.478	931	614	
Stjórn og aðilar tengdir stjórnarmönnum	135.962	131.245	29.093	359
Samtals	139.440	132.176	29.706	359

Laun og hlunnindi stjórnar, forstjóra og lykilstjórnenda samstæðunnar greinast þannig:

	2025		2024	
	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð
Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður Sjóvá	11.442	871	10.576	1.216
Hildur Árnadóttir, stjórnarmaður Sjóvá og formaður endurskoðunarnefndar	8.710	1.002	8.180	941
Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarmaður Sjóvá og stjórnarformaður Sjóvá Líf	8.794	1.011	8.500	978
Ingi Jóhann Guðmundsson, stjórnarmaður Sjóvá	5.822	670	5.384	619
Ingunn Agnes Kro, stjórnarmaður Sjóvá	8.136	936	7.854	903
Erna Gísladóttir, varamaður Sjóvá	467	54	451	52
Garðar Gíslason, varamaður Sjóvá	467	54	451	52
Heiðrún Lind Marteinsdóttir, stjórnarmaður Sjóvá Líf	792	91	3.116	358
Hafdís Böðvarsdóttir, stjórnarmaður Sjóvá Líf	3.222	371	3.116	358
Grétar Dór Sigurðsson, varamaður Sjóvá Líf	270	31	261	30
Hermann Björnsson, forstjóri	75.095	18.864	59.937	15.060
Fjórir framkvæmdastjórnar	192.184	45.423	163.105	38.839

Engir sérstakir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við forstjóra og framkvæmdastjórn aðrir en þeir sem falla undir núverandi kaupréttarkerfi samstæðunnar og ná til allra starfsmanna.

Í árslok 2025 nam hlutafjáreign forstjóra og framkvæmdastjóra í félaginu 1.724 þús. hlutum, en hlutafjáreign stjórnarmanna og tengdra aðila nam samtals 38.681 þús. hlutum í félaginu.

35 Dótturfélög í samstæðu

	Hluttur 2025	Hluttur 2024
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.	100%	100%
Sjóvá Forvarnahúsið ehf.	100%	100%

Skýringar, frh.:

36 Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

	2025	2024
Tjónahlutfall	72,5%	74,7%
Endurtryggingahlutfall	0,4%	1,8%
Kostnaðarhlutfall	19,6%	19,7%
Samsett hlutfall	92,6%	96,2%
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	12,5%	19,7%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	8,4%	17,5%
Lágmarksfjármagnshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu	3,43	3,32
Gjaldþolshlutfall fyrir fyrirhugaða arðgreiðslu	1,46	1,64
Gjaldþolshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu	1,40	1,42

Skýringar, frh.:

37 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið að laga þær að aðferðum samstæðunnar.

(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi uppgjörsdags. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Rekstrarkostnaður og sala í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir

Samstæðan flokkar fjáreignir út frá viðskiptalíkani samstæðunnar til þess að stýra þessum fjáreignum og samningsbundnu sjóðstreymi fjáreignanna. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

Samstæðan flokkar fjáreignir sínar í eftirfarandi matsflokka:

- þær sem eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning og
- þær sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Samstæðan á fjáreignir bæði í ávöxtunarskyni og til að mæta skuldbindingu vegna orðinna tjóna. Verðbréf í eigu samstæðunnar er metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, þar sem viðskiptalíkan samstæðunnar byggir á því að stýra slíkum eignum á grundvelli gagnvirðis þeirra. Allar breytingar á gangvirði, ásamt arðgreiðslum og vöxtum eru færðar í rekstrarreikning þegar þær myndast. Beinn viðskiptakostnaður vegna kaupa eða sölu verðbréfa er færður í gegnum rekstrarreikning þegar hann myndast.

Fjáreignir sem er haldið til innheimtu samningsbundins sjóðstreymis, þar sem sjóðstreymi er eingöngu greiðsla höfuðstóls og vaxta, eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Vaxtatekjur af þessum fjáreignum eru færðar með fjármagnstekjum með aðferð virkra vaxta.

Skýringar, frh.:

37 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar, frh.:

(ii) Fjárskuldir

Fjárskuldir eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

(iii) Mat á gangvirði

Gangvirði er verð á eign eða skuld í venjubundnum viðskiptum á matsdegi. Nánar tiltekið er gangvirði það verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum milli markaðsaðila á matsdegi.

Samstæðan metur gangvirði fjármálagerninga samkvæmt markaðsverði á virkum markaði fyrir fjármálagerninginn, sé hann fyrir hendi. Markaður er talinn virkur ef reglulega er fyrir hendi skráð markaðsvirði sem endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti milli ótengdra aðila. Gangvirði fjáreignar sem færð er á gangvirði gegnum rekstrarreikning er ákvarðað á grundvelli viðeigandi markaðsvirðis í lok viðskiptadags ef það er fyrir hendi, en það er venjulega síðasta skráða viðskiptaverðið.

Ef markaður fyrir fjármálagerning er ekki virkur metur samstæðan gangvirðið á grundvelli matsaðferða, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjármálagerninga og núvirt sjóðsflæði. Sú matsaðferð sem notuð er hámarkar notkun markaðsupplýsinga en takmarkar eins og hægt er forsendur sem ekki byggjast á markaðsupplýsingum. Matið byggir einnig á öllum þeim þáttum sem markaðsaðilar taka tillit til við verðákvarðanir og er í samræmi við viðurkenndar verðmatsaðferðir fyrir fjármálagerninga. Breytur í matsaðferðum endurspeglar á áreiðanlegan hátt væntingar á mörkuðum og mat á þeim áhættuþáttum sem fjármálagerningurinn felur í sér.

(iv) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignir og greiða skuldir samtímis. Engum fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman í efnahagsreikningi.

(v) Virðisrýrnun fjáreigna

Fjáreignir sem ekki eru metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á hverjum reikningsskiladegi til að kanna hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir upphaflega skráningu eignarinnar benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið. Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnunin var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

d. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum innstæðum hjá fjármálastofnunum og auðseljanlegum fjáreignum sem eru á gjalddaga innan þriggja mánaða frá kaupdegi, auðveldlega er hægt að umbreyta í reiðufé og hætta á verðbreytingum er óveruleg.

Skýringar, frh.:

37 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

e. Aðrar kröfur

Aðrar kröfur eru upphaflega færðar á gangvirði og eru síðan metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

f. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Innifalinn er kostnaður sem rekja má beint til kaupa á eigninni.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	25 - 50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	3 - 10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á.

g. Leigusamningar

Við upphaf samnings leggur samstæðan mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða heild ef hann felur í sér rétt til yfirráða tiltekinnar eignar á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald.

Við upphaf eða breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar samstæðan endurgjaldinu á sérhvern leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hlutar fyrir sig. Fyrir leigusamninga um fasteignir hefur samstæðan hins vegar kosið að aðgreina ekki leiguhluta frá öðrum hlutum samningsins og færir þá sem einn leigusamning.

Samstæðan færir leigueign og leiguskuld við upphaf leigusamnings. Leigueignin er upphaflega færð á kostnaðarverði, sem er upphafleg fjárhæð leiguskuldarinnar að teknu tilliti til leigugreiðslna sem hafa fallið til fyrir eða á upphafsdegi samningsins, beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og að frádregnum leiguilvilnunum sem samstæðan hefur fengið.

Leigueignin er afskrifuð línulega frá upphafi til loka leigusamningsins, nema þegar eignarhald flyst yfir til samstæðunnar í lok leigutímabilsins eða ef kostnaðarverð leigueignarinnar endurspeglar að samstæðan muni nýta sér kauprétt í lok leigutímabilsins. Í þeim tilfellum er leigueignin afskrifuð á nýtingartíma eignarinnar, sem er ákvarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir aðra fastafjármuni samstæðunnar. Jafnframt er virði leigueignar lækkað reglubundið um sem nemur virðisrýrnun hennar, ef einhver er, og leiðrétt vegna endurmats leiguskuldarinnar.

Leiguskuld er upphaflega færð við núvirði ógreiddra leigugreiðslna á upphafsdegi leigusamningsins. Greiðslurnar eru núvirtar með því að nota vexti sem eru ígildi lántökuvaxta samstæðunnar á samningsdegi.

Samstæðan ákvarðar vexti af nýju lánsfé með því að sækja vaxtaupplýsingar vegna ólíkra fjármögnunarleiða og gerir tiltekna aðlaganir til að endurspegla skilmála leigusamningsins og eiginleika eignarinnar sem er leigð.

Leiguskuldin er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota aðferð virkra vaxta. Hún er endurmetin þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu eða vöxtum.

Skýringar, frh.:

37 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

h. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild myndaðist við kaup á dótturfélagi.

Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild metin á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Virðispróf er framkvæmt árlega eða oftár ef atburðir eða breytingar gefa til kynna virðisrýrnun á bókfærðu verði viðskiptavildar. Viðskiptavildinni er ráðstafað á yfirtökudegi til allra sjóðskapandi eininga samstæðunnar sem ætlað er að njóti samlegðar af sameiningunni óháð því hvort öðrum eignum eða skuldum hefur verið ráðstafað til þessara eininga. Hver eining sem viðskiptavild er ráðstafað til endurspeglar minnstu einingu innan samstæðunnar þar sem fylgst er með viðskiptavildinni sem hluta af innri stjórnun.

(ii) Virðisrýrnun eigna sem ekki teljast fjáreignir

Eignir sem hafa ótilgreindan nýtingartíma eru ekki afskrifaðar en fara árlega í virðispróf. Hvenær sem atburðir eða breyttar aðstæður valda því að vísbendingar eru um að bókfært verð sé ekki endurheimtanlegt fara þær í gegnum mat á virðisrýrnun. Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Til þess að meta virðisrýrnun er eignum skipt niður í minnstu aðgreinanlegu hópa eigna sem mynda aðgreinanlegt sjóðstreymi. Eignir sem ekki teljast fjáreignir, aðrar en viðskiptavild, eru metnar á hverjum uppgjörsdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnun hafi minnkað eða horfið.

i. Vátryggingasamningar

(i) Skilgreining tryggingasamninga

Samstæðan gefur út samninga sem flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar. Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaráhættu frá vátryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingaáhætta er öll áhætta, önnur en fjárhagsleg áhætta, sem flutt er frá vátryggingataka til útgefanda vátryggingasamnings, svo sem vegna eignatjóns, slyss, sjúkdóms eða andláts.

Endurtryggingasamningar eru gerðir til að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættu umfram umsamda fjárhæð. Samstæðan hefur ekki gefið út neina endurtryggingasamninga til þriðja aðila.

(ii) Reikningsskilaaðferðir vegna vátrygginga og endurtryggingasamninga

Vátryggingasamningar - flokkun

Vátryggingasamningum er skipt í söfn samninga, greinaflokka, sem bera sambærilega áhættu og er stýrt saman. Við upphaf samningstíma, þegar vátryggingaáhætta flyst frá viðskiptavinum til samstæðunnar, er vátryggingasamningum innan greinaflokka skipt í tvo hópa: íþyngjandi samninga og aðra samninga. Er þar horft til vænts hagnaðar á undirliggjandi vátryggingasamningum innan hvers greinaflokks á tímabilinu.

Samstæðan metur hvort samningur gæti orðið íþyngjandi byggt á því hvort sambærilegir samningar sem félagið hefur verið aðili að hafi orðið íþyngjandi miðað við þá verðlagningu sem í gildi er og undirliggjandi áhættu. Þá geta mögulegar breytingar á utanaðkomandi þáttum svo sem breytingar á markaðsaðstæðum eða lagaumhverfi haft þar áhrif á. Sé samningur talinn íþyngjandi við upphaflega skráningu eða á þeim tíma þegar aðstæður benda til þess að samningur sé íþyngjandi er vænt tap viðkomandi samninga fært í rekstrarreikning. Í samstæðunni er einn hópur metinn íþyngjandi.

Samstæðan skiptir endurtryggingasamningum með sömu aðferð og lýst er hér að ofan.

Skýringar, frh.:

37 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

i. Vátryggingasamningar, frh.:

(iii) Tímamark vátryggingasamninga

Samningstímabil er ákvarðað sem það tímabil sem vátryggður aðili getur gert kröfu á samstæðuna um greiðslu tjónabóta vegna vátryggðs atburðar. Fyrir endurtryggingasamninga er samningstímabilið sá tími sem samstæðan getur gert kröfu á endurtryggjendur um greiðslu tjónabóta vegna vátryggðs atburðar. Samningstímabil endar við það tímamark þegar samstæðan getur endurverðlagt viðkomandi vátryggingasamning byggt á undirliggjandi áhættu eða ef samningi er breytt á tímabilinu.

(iv) Reikningsskilaaðferðir við mat á vátryggingaskuld - einfölduð úthlutunaraðferð

Einfölduð úthlutunaraðferð samkvæmt IFRS 17 einfaldar mat vátryggingasamninga í samanburði við almenna líkan staðalsins, en félögum er heimilt að beita aðferðinni á safn samninga þar sem tryggingavernd spannar ár eða skemur eða þegar aðferðin leiðir til niðurstöðu sem er ekki verulega frábrugðin almenna líkaninu. Í töflunni má sjá ákvæði IFRS 17 um aðferðina og hver reikningsskilaaðferð samstæðunnar er.

	Ákvæði IFRS 17	Reikningsskilaaðferð samstæðu
Einfölduð úthlutunaraðferð: heimild til beitingar	Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum er samstæðunni heimilt að beita aðferðinni í stað almennrar aðferðar IFRS 17.	Samningar samstæðunnar eru að jafnaði til 12 mánaða eða styttri tíma og falla því sjálfkrafa undir einfalda úthlutunaraðferð. Tekjur þeirra samninga sem eru falla utan við þessa skilgreiningu eru óverulegar.
Kostnaður við öflun vátryggingasamninga	Þar sem samningar eru í gildi í 12 mánuði eða skemur má annaðhvort gjaldfæra kostnað við öflun samninga þegar hann fellur til eða eignfæra og færa til gjalda á væntum líftíma samninga.	Samstæðan eignfærir kostnað við öflun líftryggingasamninga og dreifir kostnaði yfir væntan meðallíftíma þeirra. Kostnaður við öflun samninga tilheyrir skuldbindingu vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar. Annar kostnaður við öflun samninga er gjaldfærður þegar hann fellur til.
Skuldbinding vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar	Þegar ekki er til staðar verulegur fjármögnunarpáttur í tengslum við skuldbindingu vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar eða þegar tímabil þjónustu og gjalddagar vegna þeirrar þjónustu er innan 12 mánaða tímabils þarf ekki að núvirða skuldbindinguna.	Allir samningar samstæðunnar eru að jafnaði til 12 mánaða eða skemur og því eru þeir ekki núvirtir.
Skuldbinding vegna orðinna tjóna	Þar sem búist er við að tjónabætur séu greiddar innan árs er ekki þörf á að núvirða skuldbindinguna. Ef tímalengd greiðsluflæðis tjónabóta er til lengri tíma en eins árs þarf að núvirða skuldbindinguna.	Í samræmi við reglur Solvency II hefur samstæðan núvirt tjónaskuld samstæðunnar og beitir þeirri aðferð áfram.
Fjármagnsliðir vátryggingasamninga	Heimilt er að aðgreina hluta af hreyfingum á skuldbindingu vegna orðinna tjóna sem stafa af breytingum á vöxtum til núvirðingar og sýna á meðal annarrar heildarafkomu.	Breyting á skuldbindingu vegna orðinna tjóna sem stafa af breytingum á vöxtum til núvirðingar er færður í rekstrarreikning undir fjármagnsliði vátryggingasamninga.

Skýringar, frh.:

37 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

i. Vátryggingasamningar, frh.:

(v) Upphafleg skráning

Samstæðan færir útgefna vátryggingasamninga í reikningsskilin við upphaf þess tímabils sem vátryggingavernd nær yfir eða þegar aðstæður benda til þess að samningurinn sé íþyngjandi.

(vi) Síðara mat

Skuldbinding vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar í lok hvers reikningsskilatímabils samanstendur af skuldbindingu í upphafi tímabils að viðbættum móttæknum tekjum vegna vátryggingasamninga að frádregnum þeim tekjum sem samstæðan færir í rekstrarreikning vegna veittrar vátryggingaverndar á tímabilinu.

Á uppgjörssdegi metur samstæðan hvort að skuldbinding vegna orðinna tjóna sé nægjanleg með því að meta væntar tjónagreiðslur. Mat samstæðunnar innifelur á óhlutdrægan hátt allar upplýsingar sem samstæðan hefur aðgang að eða getur aflað sér án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar um tímasetningu og óvissu um framtíðarfjárflæði vátryggingasamninga. Matið felur í sér besta mat samstæðunnar á reikningsskiladegi aðlagð fyrir innri kostnaði, núvirðingu sem og framtíðarkostnaði vegna uppgjörss tjóna. Aðferðin er því sú sama og samkvæmt Solvency II.

(vii) Breytingar og afskráning vátryggingasamninga

Þegar samningi er breytt en breytingin felur ekki í sér að afskrá beri samninginn, færir samstæðan fjárhæðir vegna breytingarinnar sem aðlögun á skuldbindingu vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar.

Vátryggingasamningur er afskráður ef samningi er breytt þannig að breytingin felur í sér að beita beri annarri matsaðferð við mat á samningnum eða hluta samningsins beri að meta í samræmi við aðra staðla, samningstími breytist verulega eða ef breytingin felur í sér að flokka beri samninginn á annan hátt en gert var við upphaflega skráningu. Í slíkum tilfellum afskráir samstæðan upphaflega samninginn og færir breytta samninginn sem nýjan samning.

Vátryggingasamningur er afskráður ef réttindi og skyldur tengdar honum eru ekki lengur til staðar þar sem samningi hefur verið sagt upp eða hann er útrunninn.

(viii) Skuldbinding vegna vátryggingasamninga

Skuldbindingu vegna vátryggingasamninga er skipt í skuldbindingu vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar og skuldbindingu vegna orðinna tjóna.

Skuldbinding vegna eftirstæðrar vátryggingaverndar samanstendur af innborguðum tekjum vegna vátryggingaverndar sem tilheyrir síðari tímabilum, eignfærðum kostnaði við öflun samninga, skuldbindingu vegna íþyngjandi samninga og viðskiptaskuldum sem tilheyra eftirstæðri vátryggingavernd.

Skuldbinding vegna orðinna tjóna samanstendur af besta mati samstæðunnar á væntu gildi eða meðaltali á núvirtu greiðsluflæði skuldbindingarinnar og öryggisálagi vegna þeirrar óvissu sem matið felur í sér. Með öryggisálaginu er skuldbindingin færð innan æskilegs öryggisbils. Útreikningur á öryggisálaginu byggir á tölfræðilegum aðferðum (VaR) og er niðurstaðan birt sem öryggisbil í samræmi við skýringu nr. 24. Skuldbindingin samanstendur auk þess af ágóðahlutdeild og viðskiptaskuldum sem tilheyra orðnum tjónum.

Samstæðan miðar við vaxtakúrfu EIOPA við núvirðingu tjónaskuldar enda hefur ítarleg greining og rýni farið fram á kúrfunum áður en þær eru birtar.

Skýringar, frh.:

37 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

i. Vátryggingasamningar, frh.:

(ix) Fjárfestingar þar sem fjárfestingaráhætta er borin af líftryggingataka

Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka eru fjáreignir í eigu samstæðunnar sem vátryggingatakar í söfnunarlíftryggingum hafa valið og bera fjárfestingaráhættu af samkvæmt skilmálum söfnunarlíftrygginga. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka er skuldbinding samstæðunnar gagnvart umræddum líftryggingatökum að sömu fjárhæð.

j. Eigið fé

(i) Hlutfé

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé.

k. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar talið er að samstæðan beri lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

l. Afkoma af vátryggingasamningum

(i) Tekjur af vátryggingasamningum

Tekjur af vátryggingasamningum eru tekjur vegna veittrar vátryggingaverndar á árinu. Samstæðan færir til tekna iðgjöld hlutfallslega yfir það tímabil sem vátryggingavernd nær til. Ef vátryggingaáhætta felur í sér að kostnaður vegna ákveðinna vátryggingasamninga er verulega frábrugðin hlutfallslegri tekjufærslu eru tekjur færðar til samræmis við væntan kostnað af vátryggingarsamningum með það að markmiði að jafna saman tekjum á móti gjöldum.

(ii) Kostnaður af vátryggingasamningum

Kostnaður af vátryggingasamningum samanstendur af tjónum ársins ásamt rekstrarkostnaði af vátryggingasamningum.

Tjónlausir viðskiptavinir samstæðunnar sem eru í Stofni fá hluta iðgjalda sinna endurgreidd árlega. Endurgreiðslan (ágóðahlutdeild) er tilgreind sem kostnaður af vátryggingasamningum.

Tjón ársins í rekstrarreikningi samstanda af greiddum tjónum á árinu ásamt breytingu á tjónaskuld.

(iii) Afkoma af endurtryggingasamningum

Afkoma af endurtryggingasamningum samanstendur af hluta endurtryggjenda í tekjum af vátryggingasamningum, hluta endurtryggjenda í tjónum, umboðslaunum og öðrum tekjum frá endurtryggjendum.

Skýringar, frh.:

37 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

m. Tekjur og gjöld af fjárfestingum

(i) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna eru afföll, yfirverð og annar mismunur sem er á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi innifela vexti af fjáreignum og fjárskuldum sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta og vexti af handbæru fé.

(ii) Arðstekjur

Arðstekjur af fjáreignum á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar í rekstrarreikning og yfirlit yfir heildarafkomu þegar réttur samstæðunnar til að taka við greiðslum er staðfestur, líklegt er að efnahagslegur ávinningur sem tengist arðinum renni til samstæðunnar, og upphæð arðsins er hægt að mæla með áreiðanlegum hætti.

(iii) Gangvirðisbreytingar fjáreigna

Gangvirðisbreytingar verðbréfa samstanda af söluhagnaði eða sölutapi verðbréfa, gangvirðisbreytingum og vaxtatekjum af verðbréfum sem færð eru á gangvirði.

(iv) Gengismunur

Gengismunur samstendur af breytingum eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum. Nettó gengismunur er færður í rekstrarreikning og yfirlit yfir heildarafkomu með fjármunatekjum.

n. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samstendur af launakostnaði, ágóðahlutdeild, markaðskostnaði, upplýsingatæknikostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis, afskriftum rekstrarfjármuna, afskriftum leigueigna og öðrum kostnaði.

Rekstrarkostnaði samstæðunnar er skipt á kostnað af váttryggingastarfsemi, kostnað af fjárfestingastarfsemi og annan rekstrarkostnað. Skiptingin er byggð á mati stjórnenda hverju sinni.

o. Fjármagnsliðir váttryggingasamninga

Fjármagnsliðir váttryggingasaminga eru tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar tjónaskuldar, þ.e. breyting á tjónaskuld eldri ára sem rekja má til breytinga á hagrænum þáttum, þ.e. gengi gjaldmiðla, vaxta og vöxtunar. Um er að ræða mat á þeirri fjárhagslegu áhættu sem fylgir mati á tjónaskuld.

p. Tekjuskattur

Tekjuskattur af afkomu ársins samstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsteggi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skýringar, frh.:

37 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

p. Tekjuskattur, frh:

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna upphaflegrar skráningar eigna eða skulda sem hafa ekki áhrif á reikningshaldslega eða skattalega afkomu.

Frestaður tekjuskattur er metinn með því skatthlutfalli sem búist er við að verði lagt á tímabundna mismuni þegar þeir snúast við, byggt á lögum sem öðlast hafa gildi með formlegum hætti eða í reynd á uppgjörssdegi. Skatteign og tekjuskattskuldbindingu er jafnað saman þegar til staðar er lagalegur réttur til að jafna saman tekjuskattsskuld og skatteign og þegar skattarnir munu verða lagðir á af sömu skattyfirvöldum á sama fyrirtæki, eða á fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

r. Hagnaður á hlut

Samstæðan birtir í ársreikningnum grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta meðalfjölda virkra hluta vegna mögulegrar þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út í samræmi við kaupréttarsamninga starfsmanna.

s. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar.

Skýringar, frh.:

37 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

t. Nýir reikningsskilastaðlar sem hafa ekki tekið gildi

Samstæðan hefur beitt sömu reikningsskilaaðferðum á árunum 2025 og 2024.

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar gilda fyrir fjárhagsár sem hefjast eftir 1. janúar 2025 og heimilt er að beita fyrir gildistöku þeirra. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða breytta reikningsskilastaðla fyrir gildistíma við gerð samstæðuársreikningsins.

(i) IFRS 18 Framsetning og upplýsingagjöf í reikningsskilum

IFRS 18 mun koma í stað IAS 1 *Framsetning reikningsskila* og gildir fyrir ársreikninga fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar. Með nýja staðlinum eru settar fram nýjar kröfur um framsetningu og upplýsingagjöf í reikningsskilum.

- Félögum ber að flokka allar tekjur og gjöld í fimm flokka í rekstrarreikningi, þ.e. rekstur, fjárfestingar, fjármögnun, aflagða starfsemi og tekjuskatt. Félög þurfa jafnframt að birta rekstrarafkomu sem skilgreinda millisamtölu. Afkoma félaga mun ekki breytast.
- Afkomumælikvarðar sem skilgreindir eru af stjórnendum (e. Management Performance Measures, MPM) eru skilgreindir í staðlinum og skulu settir fram í einni sérstakri skýringu í reikningsskilum.
- Auknar leiðbeiningar eru veittar um flokkun og framsetningu upplýsinga í reikningsskilum.

Því til viðbótar, ber nú að nota rekstrarafkomu sem upphafs fjárhæð í sjóðstreymisýfirliti, þegar rekstrarhreyfingar eru settar fram með óbeinni aðferð.

Samstæðan er enn að meta áhrif nýja staðalsins, einkum með tilliti til framsetningar rekstrarreiknings félagsins, sjóðstreymisýfirlits og viðbótarupplýsinga tengdar afkomumælikvörðum stjórnenda. Samstæðan er einnig að meta áhrifin af því hvernig upplýsingar eru flokkaðar í reikningsskilum, þar með talið vegna liða sem nú eru flokkaðir sem "annað".

(ii) Aðrir reikningsskilastaðlar

Ekki er búist við að eftirfarandi nýir og breyttir reikningsskilastaðlar hafi veruleg áhrif á reikningsskil

- Flokkun og mat fjármálagerna (Breytingar á IFRS 9 og IFRS 7); og
- Samningar um náttúruháða raforku (Breytingar á IFRS 9 og IFRS 7)

Ársfjórðungayfirlit

	4F 2025	3F 2025	2F 2025	1F 2025	Samtals 2025	4F 2024	3F 2024	2F 2024	1F 2024	Samtals 2024
Tekjur af váttryggingasamningum	8.676.659	9.034.445	8.693.651	8.373.614	34.778.368	8.457.123	8.714.017	8.344.671	8.081.709	33.597.519
Tjón ársins	(7.435.141)	(6.201.586)	(5.851.639)	(5.730.243)	(25.218.609)	(6.714.155)	(6.104.796)	(6.285.022)	(6.000.789)	(25.104.761)
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	(1.780.881)	(1.571.608)	(1.755.240)	(1.719.706)	(6.827.435)	(1.790.297)	(1.520.119)	(1.684.715)	(1.620.132)	(6.615.263)
Afkoma af endurtryggingasamningum	668.224	(324.967)	(397.216)	(102.197)	(156.156)	360.619	(211.700)	(524.511)	(218.828)	(594.420)
Afkoma af váttryggingasamningum	128.861	936.284	689.555	821.467	2.576.167	313.291	877.402	(149.577)	241.960	1.283.075
Hreinar fjármunatekjur	44.379	44.495	232.470	288.014	609.358	88.541	7.015	290.361	285.199	671.116
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	1.938.732	1.018.997	(221.184)	(896.653)	1.839.892	3.080.836	1.343.292	(120.526)	499.164	4.802.767
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(113.052)	(105.262)	(98.418)	(94.883)	(411.616)	(105.338)	(98.206)	(109.069)	(81.012)	(393.624)
Afkoma fjárfestinga	1.870.059	958.230	(87.132)	(703.522)	2.037.634	3.064.038	1.252.102	60.766	703.352	5.080.258
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	(409.464)	(406.608)	(351.532)	(422.045)	(1.589.649)	(385.373)	(541.780)	(377.721)	(340.151)	(1.645.026)
Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði	1.460.594	551.622	(438.663)	(1.125.568)	447.985	2.678.665	710.321	(316.954)	363.201	3.435.233
Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum	1.589.455	1.487.906	250.892	(304.101)	3.024.153	2.991.956	1.587.723	(466.532)	605.161	4.718.308
Aðrar tekjur	22.897	22.921	85.333	31.266	162.417	35.481	38.278	67.227	29.474	170.460
Annar rekstrarkostnaður	(19.815)	(12.295)	(10.257)	(13.435)	(55.803)	(17.057)	(10.573)	(12.670)	(12.941)	(53.241)
Annar fjármagnskostnaður	(15.951)	(16.397)	(16.915)	(16.421)	(65.684)	(16.798)	(16.667)	(16.762)	(16.809)	(67.037)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	1.576.587	1.482.135	309.053	(302.692)	3.065.083	2.993.582	1.598.761	(428.737)	604.884	4.768.490
Tekjuskattur	(176.141)	(336.976)	(248.900)	(236.931)	(998.947)	(181.611)	(157.289)	(5.060)	(183.627)	(527.588)
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins	1.400.446	1.145.159	60.153	(539.622)	2.066.135	2.811.971	1.441.472	(433.797)	421.257	4.240.902
Tjónahlutfall	85,7%	68,6%	67,3%	68,4%	72,5%	79,4%	70,1%	75,3%	74,3%	74,7%
Endurtryggingahlutfall	(7,7%)	3,6%	4,6%	1,2%	0,4%	(4,3%)	2,4%	6,3%	2,7%	1,8%
Kostnaðarhlutfall	20,5%	17,4%	20,2%	20,5%	19,6%	21,2%	17,4%	20,2%	20,0%	19,7%
Samsett hlutfall	98,5%	89,6%	92,1%	90,2%	92,6%	96,3%	89,9%	101,8%	97,0%	96,2%
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	27,1%	27,1%	5,8%	(5,2%)	12,5%	50,5%	29,6%	(8,1%)	10,8%	19,7%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	24,1%	21,0%	1,1%	(9,3%)	8,4%	47,4%	26,7%	(8,2%)	7,6%	17,5%
Hagnaður (tap) á hlut	1,21	0,99	0,05	(0,47)	1,79	2,43	1,25	(0,38)	0,36	3,67
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga	43.650.699	42.433.038	42.392.811	41.642.046	43.650.699	41.712.958	40.768.570	39.808.766	38.596.442	41.712.958
Heildareignir	76.874.393	73.942.822	73.907.913	73.068.367	76.874.393	75.692.333	72.726.097	70.097.143	70.491.066	75.692.333
Eigið fé	24.024.648	22.437.093	21.278.069	21.203.352	24.024.648	25.128.078	22.299.690	20.856.790	21.290.588	25.128.078
Gjaldþólishlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu	1,40	1,42	1,36	1,36	1,40	1,42	1,45	1,34	1,40	1,42
Lágmarksfjármagnshlutfall	3,43	3,26	3,09	3,11	3,43	3,32	3,33	3,10	3,23	3,32

Stjórnarháttayfirlýsing

Inngangur

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er váttryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995¹, lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016² og lögum um váttryggingasamstæður nr. 60/2017³.

Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 94/2019⁴ eru váttryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006⁵.

Sjóvá samstæðan starfar á váttryggingamarkaði og er alhliða váttryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Samkvæmt útgefnum ársreikningum fjármálafyrirtækja sem starfa á íslenskum váttryggingamarkaði var hlutdeild Sjóvár miðað við iðgjöld ársins hjá íslenskum váttryggingafélögum í árslok 2024 um 33% í skaðatryggingum og um 37% í líf- og heilsutryggingum. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins.

Starfsemi Sjóvár er fjölbreytt og þjónustan yfirgripsmikil en félagið býður tryggingavernd á öllum sviðum hér á landi. Um 8.900 fyrirtæki og um 85.000 einstaklingar voru í viðskiptum við félagið í lok árs 2025. Í árslok 2025 störfuðu 199 starfsmenn hjá Sjóvá í 185 stöðugildum. Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var 188,8. Sjóvá rekur 15 útibú og þjónustuskrifstofur um landið auk höfuðstöðva í Reykjavík. Þá hefur félagið á að skipa þétta neti umboðs- og þjónustuaðila víðs vegar um landið og leggur kapp á að þjónusta félagsins sé öllum aðgengileg.

Sjóvá hefur verið skráð félag á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland síðan 11. apríl 2014 og því gilda um starfsemina lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021⁶ og lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021⁷ og reglur fyrir útgefendur fjármálagerna.

Hluthafafundir eru megin vettvangur formlegrar upplýsingagjafar til hluthafa sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Hafa stjórnarformaður og forstjóri einnig fundað óformlega með hluthöfum sem þess óska og upplýsa þá stjórn um efni funda. Nánar kveður á um samskipti stjórnar og hluthafa í samþykktum félagsins sem birtar eru á vef félagsins.

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um váttryggingastarfsemi, reglugerð um gildistöku reglugerða ESB um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæður nr. 55/2022 og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem tóku gildi í júlí 2021⁸ og gefin eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn félagsins endurnýjaði síðast starfsreglur sínar þann 15. maí 2025 og eru þær aðgengilegar á sjova.is.

Félagið fékk í ágúst 2025 endurnýjaða vottunina „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ á vegum Stjórnvísis en í því felst að félagið hafi undirgengist og staðist formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Félagið hefur ekki hlotið dóma fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingastarfsemi eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber

¹ www.althingi.is/lagas/nuna/1995002.html

² www.althingi.is/lagas/nuna/2016100.html

³ www.althingi.is/lagas/nuna/2017060.html

⁴ www.althingi.is/lagas/nuna/2019094.html

⁵ www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html

⁶ www.althingi.is/lagas/nuna/2021060.html

⁷ www.althingi.is/lagas/nuna/2021020.html

⁸ <http://leidbeiningar.is/>

gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi. Ekki er vitað um að nein atvik hafi átt sér stað í starfseminni sem snúa að mútum eða spillingu.

Engir styrkir eru veittir til stjórnmalaflokka. Félagið er aðili að Samtökum fjármálafyrirtækja sem er sameiginlegur vettvangur fjármálafyrirtækja og hefur innan þess komið á framfæri ábendingum við lagafrumvörp og umsögnum, bæði sem hluti af samtökunum eða sjálfstætt.

Innra eftirlit og áhættustýring

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta félagsins og sett sér áhættustefnu sem lýsir umgjörð áhættustýringar. Áhættustefnan tekur til allra áhættuþátta sem krafist er í lögum um váttryggingastarfsemi og reglugerð um váttryggingastarfsemi. Stefnan var síðast endurnýjuð 9. desember 2025.

Stjórnkerfi og skipulag félagsins eru skráð í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi í samræmi við þjónustustefnu og stefnu um upplýsingaöryggi og persónuvernd. Starfsfólk fær viðeigandi fræðslu og endurmenntun á þessum sviðum til að tryggja að það geti uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til þess. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Uppbygging Sjóvár á eigin starfsemi er í samræmi við þrjár línur innra eftirlits. Tekið hefur verið saman heildstætt yfirlit um innra eftirlit, áhættukort sem gefur góðar upplýsingar um umfang eftirlits á öllum innri eftirlitsþáttum og gerir mögulegt að sannreyna niðurstöður og meta eftirlitið og umfang þess. Regluleg skýrslugjöf er varðar sjálfbærniþætti, fjárfestingar, og rekstrarlega afkomu einstakra sviða starfseminnar, er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu, ófjárhagslegar upplýsingar og fjárfestingar, ársfjórðungslegar skýrslur um áhættustýringu, eigið áhættu- og gjaldþolsmat sem framkvæmt er að lágmarki árlega, árleg skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu og reglubundnar skýrslur til eftirlitsaðila sem og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni. Þær, sem og samtímaeftirlit stjórnenda, auðvelda félaginu einnig að uppgötva og leiðrétta hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til. Framkvæmdastjórn fundar hið minnsta mánaðarlega með áhættu- og öryggisnefnd, ársfjórðungslega er farið yfir ytri áhættur og einstakir framkvæmdastjórar eiga að lágmarki árlegan fund með áhættu- og öryggisnefnd um áhættur þeirra ábyrgðarsviðs, fjalla um hvernig stýringu og eftirliti með áhættum er háttað og meta hvort það sé fullnægjandi. Starfssvið áhættustjóra, regluvörslu, tryggingastærðfræðings og innri endurskoðanda teljast til lykilstarfssviða samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi og skulu þeir einstaklingar sem þeim sinna uppfylla sérstakar kröfur um hæfi og hæfni.

Tryggingastærðfræðingur félagsins ber ábyrgð á útreikningi tjónaskuldar og leggur mat á endurtryggingavernd félagsins með tilliti til skuldbindinga félagsins. Tryggingastærðfræðingur tekur saman árlega skýrslu fyrir stjórn félagsins um verkefni starfssviðsins, þróun tjónaskuldar, afkomu greinaflokka og veitir álit á áhættutöku og endurtryggingavernd félagsins. Tekjustýring ber ábyrgð á iðgjaldaskrá og hefur reglulegt eftirlit með því að þær endurspegli raunverulega váttryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið.

Sjóvá hlaut árið 2014 vottun á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum sem staðfestir að rekstur upplýsingakerfa félagsins sé í samræmi við kröfur staðalsins og var vottunin síðast endurnýjuð í júní 2025 en kröfur staðalsins eru stöðugt uppfærðar með hliðsjón af örum breytingum í upplýsingatækni og áhættum á því sviði. Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum KPMG ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2025 til eins árs en þau hafa annast endurskoðun félagsins frá aðalfundi 2018. Innri endurskoðun er útvistað til PricewaterhouseCoopers ehf.

Hlutverk, framtíðarsýn og gildi

Hlutverk Sjóvár er að stuðla að betra samfélagi. Framtíðarsýnin er "Við göngum lengra í þjónustu við viðskiptavinum og stuðlum að öryggi þeirra". Gildi Sjóvár eru; "Við sýnum umhyggju", "Við byggjum á þekkingu", "Við einföldum hlutina" og "Við erum kvik". Gildin eru leiðbeinandi í ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins. Nánar er fjallað um viðskiptalíkan og stefnu í kafla um ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Reglur, stefnur og sjálfbærni

Sjóvá fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Lögð er áhersla á að stjórnarhættir séu í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og þær kröfur sem gerðar eru til félagsins sem er eftirlitsskyldur aðili og skráð í kauphöll. Sjóvá hefur skýra stefnu um að vinna gegn hvers konar spillingu, glæpsamlegri starfsemi og peningapvætti í öllum viðskiptum félagsins.

Stjórn Sjóvár samþykkti starfsreglur sínar síðast 15. maí 2025. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og forstjóra, fyrirsvar stjórnar félagsins, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda stjórnar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og samþykktir og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið þess náist.

Stjórn hélt sameiginlega fundi á árinu með innri og ytri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd um innra eftirlit og áhættustýringu, með og án viðveru starfsfólks félagsins. Mat stjórnar á eigin störfum á árinu 2025 fór fram í desember 2025. Stjórn lagði mat á stærð, samsetningu, verklag og starfshætti stjórnar. Starf stjórnarinnar byggir á fyrirfram samþykktri starfsáætlun og mat stjórnin upplýsingagjöf til stjórnarinnar og aðgengi hennar að gögnum gott. Stjórnin lagði mat á störf undirnefnda stjórnar og frammistöðu forstjóra og stjórnarformanns. Einnig var lagt mat á þróun félagsins og var niðurstaðan sú að hún væri í samræmi við langtíamarkmið stjórnar og stjórnenda.

Sjóvá samstæðan hefur sett stefnu um sjálfbærni og er hún birt á vef félagsins sjova.is. Nánar vísast til ófjárhagslegra upplýsinga í ársreikningi vegna umfjöllunar um áhættur og áhættustýringu á sviði sjálfbærni, áreiðanleikakönnunarferli, ábyrgð og umsjón með sjálfbærnimálum og ófjárhagslegri upplýsingagjöf, umfjöllun um haghafa, mikilvægisgreiningu, stefnu, lykilmælikvarða og árangur.

Sjóvá hefur verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð frá árinu 2014 og gerðist aðili að UN Global Compact árið 2024.

Sjóvá vinnur að því að auka samþættingu áherslna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Tengt er við fimm heimsmarkmiðanna þ.e. markmið 3 um heilsu og vellíðan, 5 um jafnrétti kynjanna, 8 um góða atvinnu og hagvöxt, 12 um ábyrga neyslu og 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Í samræmi við eðli rekstrarins hefur megináhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13.

Áherslur Sjóvár í forvörnum tengjast markmiði 3 um heilsu og vellíðan þar sem sett eru fram markmið um helmings fækkun alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030 og markmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu um að draga verulega úr soun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu. Hjá Sjóvá hefur um árábil verið lögð mikil áhersla á að vinna með viðskiptavinum að forvörnum, bæði einstaklingum og fyrirtækjum. Sjóvá er með samstarfs- og bakhjarlssamning við Slysavarnafélagið Landsbjörg og á í fjölþættu samstarfi við samtökin, einkum á vettvangi forvarna. Sjóvá hefur einnig átt í góðu samstarfi við önnur samtök og stofnanir sem vinna að forvörnum og öryggi, svo sem eins og með átaksverkefni gegn farsímanotkun við akstur sem unnið var með Samgöngustofu.

Í tjónum og tjónavinnslu er leitast við að minnka soun og stuðla að umhverfisvænum lausnum. Áfram var unnið með átak í að auka hlutfall framrúðuviðgerða í stað þess að skipta þeim út þegar þess er kostur bæði með vitundarvakningu og aukinni upplýsingagjöf til viðskiptavina, og samstarfi við viðgerðaraðila. Leitast er við að minnka soun sem felur í sér að viðskiptavinir hafa val um að fá bætur og nýta áfram minna skemmda og viðgerðarhæfa muni. Notkun fjarskoðunarlausnarinnar Innsýnar hefur gert félaginu kleift að draga umtalsvert úr akstri á sama tíma og hægt er að veita hraðari og betri þjónustu, en lausnin er til dæmis nýtt við tjónaskoðanir og við fasteignaskoðanir í upphafi viðskipta.

Sjóvá hefur um árábil lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna og árleg aðgerðaáætlun eru ramma utan um framkvæmd stefnunnar.

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, fylgist með þróun umhverfisvísa og notkun auðlinda í rekstrinum, og leitast er við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Sjóvá hefur bundið kolefni sem svarar eigin losun vegna rekstrar og hefur verið með samning við Kolvið frá árinu 2015 og samning við Katla Carbon (áður SoGreen) um menntaverkefni fyrir stúlkur frá árinu 2023.

Sjóvá birtir nánari upplýsingar og mælikvarða um umhverfismál, samfélag og stjórnarhætti í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq og VSME staðalinn frá EFRAG í árs- og sjálfbærnisráðgjöf félagsins sem gefin verður út fyrir aðalfund á sjova.is.

Stjórn

Stjórn skal samkvæmt samþykktum félagsins skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum. Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi sem hlutfallskosning milli einstaklinga og skulu fyrstu fjögur stjórnarsæti skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði við kjörið og skal sá einstaklingur sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum teljast réttkjörinn sem fimmti stjórnarmaðurinn. Í kjöri til varamennsku í stjórn teljast kjörin sú kona og sá karl sem flest atkvæði fá í kjörinu. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum sem sett eru í hlutafélagalögum og lögum um váttryggingastarfsemi eftir því sem við á. Í starfsreglum stjórnar segir að leitast skuli við að meirihluta stjórnar skipi stjórnarmenn sem eru óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Úr hópi aðalmanna skal kjósa stjórnarformann og varaformann stjórnar með einföldum meirihluta. Hlutverk tilnefningarnefndar er meðal annars að gæta að jöfnu hlutfalli kynja innan stjórnar og leitast við að tryggja fjölbreytileika innan stjórnar. Skal hún við undirbúning og gerð tillögu að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu m.a. líta til þess að samsetning stjórnar sé sem best í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins og hún beri með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Stefnu um fjölbreytileika er lýst í gildandi mannréttindastefnu þar sem kveðið er á um áherslur og aðgerðir í jafnréttis- og mannréttindamálum. Markmið stefnunnar er að tryggja að mannauður félagsins verði sem best nýttur með því að stuðla að jafnri stöðu kynja og jöfnum tækifærum einstaklinga.

Aðalmenn í stjórn Sjóvá eru Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, Hildur Árnadóttir, varaformaður, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Varamenn í stjórn eru Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki 10 sinnum á ári.

Allir stjórnarmenn hafa staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Stjórn Sjóvá telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varða óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Þau Björgólfur, Guðmundur Örn, Hildur og Ingunn eru óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Ingi Jóhann er óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en hann telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti þar sem hann er eigandi og stjórnarmaður í félögum sem eiga beina og óbeina eignarhluti yfir 10% í Sjóvá.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar Sjóvá, starfsreglur endurskoðunarnefndar, starfsreglur starfskjaranefndar, starfsreglur tilnefningarnefndar, mannréttindastefna, skattastefna, stefna gegn mútum og spillingu, stefna um persónuvernd, stefna um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð, reglur um vernd upplýstrara og siðareglur Sjóvá eru aðgengilegar á sjova.is.

Stjórn Sjóvá fundaði 15 sinnum á árinu 2025. Allir stjórnarfundir voru fullmannaðir að tveimur frátöldum. Á öðrum fundinum boðaði einn stjórnarmaður forföll og á hinum boðuðu tveir forföll. Varamenn voru ekki kallaðir til á árinu.

Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður, fæddur 28. ágúst 1955, til heimilis á Seltjarnarnesi. Björgólfur var kjörinn í stjórn Sjóvá 15. mars 2019 en steig til hliðar í nóvember 2019 tímabundið og var aftur kjörinn í stjórn 12. mars 2020 og tók þá við stjórnarformennsku. Björgólfur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lög-gildingarpróf í endurskoðun. Hann starfaði sem endurskoðandi á árunum 1985-1992. Björgólfur var fjármálastjóri Útgerðarfélags Akureyringa hf. 1992-1996, framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar hjá Samherja 1996-1999, framkvæmdastjóri Sildarvinnslunnar 1999-2006, framkvæmdastjóri Icelandic 2006-2007 og forstjóri Icelandair Group 2008-2018. Hann starfaði sem annar forstjóri Samherja frá nóvember 2019 til febrúar 2021. Björgólfur var formaður stjórnar LÍÚ á árunum 2003-2008 og formaður Samtaka atvinnulífsins 2013-2017. Í gegnum árin hefur hann setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins. Björgólfur situr í stjórnnum Kjálkaness, Norðurbaða, Gadusar og Steinasala.

Björgólfur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Hildur Árnadóttir, varaformaður, fædd 4. ágúst 1966, til heimilis í Kópavogi. Hildur hefur setið í stjórn Sjóvár frá 15. mars 2019. Hún var formaður stjórnar frá nóvember 2019 til mars 2020. Hildur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lauk prófi sem löggiltur endurskoðandi. Hildur starfaði sem löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá KPMG 1990-2004, framkvæmdastjóri fjármála hjá Bakkavör Group hf. og síðar sem ráðgjafi á skrifstofu forstjóra 2004-2014, forstöðumaður fjárfestinga Íslandsbanka 2014-2015 og við ráðgjöf og stjórnarstörf frá 2016. Í gegnum árin hefur Hildur setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. í stjórn Bakkavarar Group hf., Exista hf. og Viðskiptaráðs. Hún hefur jafnframt verið í endurskoðunar- og starfskjaranefndum. Hildur situr í stjórnnum Íslandsstofu, Íþöku fasteigna ehf., Héðins hf., Arctic Fish Holding SA, Eldeyjar eignarhaldsfélags hf., Norðursiglingar hf. og Argyron ehf.

Hildur er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 6. janúar 1963, til heimilis í Garðabæ. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvár 12. mars 2020 og hann hefur frá 28. apríl 2021 verið stjórnarformaður dótturfélagsins Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Guðmundur stundaði nám í tryggingastærðfræði og tölvunarfræði við háskólann í Kaupmannahöfn í Danmörku. Guðmundur starfaði í 23 ár hjá Tryggingamiðstöðinni m.a. sem deildarstjóri upplýsingadeildar og hafði umsjón með tölvudeild, var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Hann var forstjóri Vátrygginga-félags Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélags Íslands (Lífis) 2008-2011. Frá 2011-2013 sinnti Guðmundur ýmsum ráðgjafastörfum og þá aðallega við gerð viðskiptaáætlana og gerð stefnumótunar á sviði nýsköpunar. Frá 2014-2022 var hann framkvæmdastjóri CAE Icelandair Flight Training ehf. sem á og rekur flugherma í þjálfunarsetri Icelandair. Guðmundur hefur viðtæka reynslu af stjórnarstörfum bæði sem almennur stjórnarmaður og stjórnarformaður. Hann er í dag stjórnarformaður hjá Vinnslustöðinni hf., stjórnarmaður hjá BL ehf. og stjórnarformaður hjá Ísorku ehf.

Guðmundur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Ingi Jóhann Guðmundsson, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingi Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011. Ingi Jóhann er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. og Kjálkaness ehf. Ingi Jóhann er stjórnarformaður Hrólfsskers ehf. sem á 15,87% hlut í Sjóvá, en Ingi Jóhann á óbeinan hlut Hrólfsskeri í gegnum Kjálkanes ehf. sem á 34,6% hlut í félaginu. Ingi á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf.

Ingi telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Ingunn Agnes Kro, fædd 27. mars 1982, til heimilis í Reykjavík. Ingunn var fyrst kjörin í stjórn Sjóvár 12. mars 2020. Hún er með BA og MA í lögfræði, með MBA gráðu frá Háskóla Íslands og próf í verðbréfavíðskiptum. Ingunn er fyrrum framkvæmdastjóri Jarðvarma slhf. og Íslenska vetnisfélagsins ehf. Áður starfaði hún lengst af hjá Skeljungi hf., síðast sem framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs, þar sem hún bar ábyrgð á samskipta-, samfélagsábyrgðar-, lögfræði-, markaðs- og mannauðsmálum, en áður sem yfirlögfræðingur, regluvörður og ritari stjórnar. Þar áður var Ingunn í lögmennsku og aðjúnkt hjá lagadeild Háskóla Íslands, þar sem hún kenndi skaðabótarétt. Ingunn er stjórnarformaður RARIK. Hún er einnig stjórnarmaður hjá Iceland Seafood International hf. og formaður endurskoðunarnefndar félagsins. Ingunn situr auk þess í stjórn Freyju, fjárfestingasjóðs, Miklatorgs ehf. (IKEA), Sóltúns heilbrigðisþjónustu ehf. og Votlendissjóðs, sem er sjálfseignarstofnun sem vinnur að því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ingunn er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Varamenn í stjórn

Erna Gísladóttir, fædd 5. maí 1968, til heimilis í Garðabæ. Erna sat í stjórn Sjóvár frá 20. júní 2009 lengst af sem formaður stjórnar og síðar sem varamaður frá 15. mars 2019, en hún settist tímabundið aftur í stjórn 19. nóvember 2019 til 12. mars 2020. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er framkvæmdastjóri Egg ehf. Hún var forstjóri BL ehf. 2013-2023, forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess félags og framkvæmdastjóri frá 1991. Hún situr í stjórnnum BL ehf., Egg ehf., Egg fjárfestingar ehf., Umbreytingar slhf. og Ölmú ehf.

Erna er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Erna er ásamt eiginmanni sínum eigandi og stjórnarmaður í Egg fjárfestingar ehf. sem á 3,31% eignarhlut í Sjóvá.

Garðar Gíslason, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Garðabæ. Hann hefur verið varamaður í stjórn Sjóvár frá 30. september 2011. Garðar er Cand.Jur. frá Háskóla Íslands 1997. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 2005, lengst af á LEX lögmannsstofu, en frá 2016 á IUS lögmannsstofu. Hann var yfirlögfræðingur og síðar forstöðumaður hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og staðgengill skattrannsóknarstjóra frá 1997-2005. Garðar situr í stjórnnum eftirfarandi félaga: IUS lögmannsstofa ehf., Valshjartað hf., Ránarborg ehf. (varamaður), Harðbakur ehf. (varamaður), Völvi Capital Partners ehf. (varamaður) og Salvus ehf. (varamaður).

Garðar hefur veitt Sjóvá lögfræðilega ráðgjöf í afmörkuðum verkefnum á sviðum stjórnsýslu-, félaga- og fjármagnsmarkaðsréttar. Garðar er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóvár, skipa Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarformaður, Hafdís Böðvarsdóttir, viðskiptafræðingur og Hermann Björnsson forstjóri Sjóvár. Varamenn í stjórn eru Elín Þórunn Eiríksdóttir framkvæmdastjóri tjónasviðs og Grétar Dór Sigurðsson, lögmaður. Guðmundur Örn, Hafdís og Grétar teljast óháð Sjóvá lífi, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum. Stjórn Sjóvár lífs átti 8 fundi á árinu 2025.

Samþykktir Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. og starfsreglur stjórnar má nálgast á sjova.is

Tilnefningarnefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt. Nefndinni ber einnig að leggja mat á hvort frambjóðendur séu óháðir félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Tilnefningarnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum sem kjörnir eru á aðalfundi. Nefndina skipa Katrín S. Óladóttir, formaður, sem fyrst var kjörin í nefndina á hluthafafundi 26. október 2018, Finnur R. Stefánsson og Sigríður Olgeirsdóttir sem voru kjörin í nefndina 11. mars 2022. Nefndin átti 5 fundi á árinu 2025.

Starfsreglur tilnefningarnefndar má nálgast á sjova.is

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóvá er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er einkum að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Endurskoðunarnefnd Sjóvár skipa Hildur Árnadóttir formaður sem jafnframt situr í stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf., Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Friðrik Halldórsson. Nefndarmenn eru óháðir Sjóvá og Sjóvá lífi, óháðir daglegum stjórnendum félaganna og óháðir endurskoðendum.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftast ef þurfa þykir. Nefndin átti 8 fundi árið 2025. Að auki átti nefndin árlegan fund með stjórnnum Sjóvár og Sjóvár lífs og innri og ytri endurskoðendum um áhættustýringu og innra eftirlit. Nefndin fundaði einnig með forstjóra. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð árshlutauppgjóra og ársreiknings, umfjöllun um áhættustýringu og innra eftirlit, rýni starfsreglna, rýni áhættuskýrslu, rýni ORSA ferlis, yfirferð skýrslu regluvörslu, yfirferð skýrslu tryggingastærðfræðings, yfirferð skýrslu ytri og innri endurskoðenda og eftirlit með viðbrögðum stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Endurskoðunarnefnd endurskoðaði á árinu starfsreglur sínar, hafði eftirlit með störfum og framgangi innri og ytri endurskoðunar, kynnti sér stöðu gæðamála og stöðu úrbótaverkefna vegna innri og ytri úttekta, svörun erinda og skýrsluskil til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, tilhögun upplýsingagjafar stjórnenda til stjórnar og stöðu á innleiðingu DORA reglugerðarinnar auk þess sem nefndin lagði mat á eigin störf. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var á rýni á áreiðanleika og gæði skýrslna áhættustýringar, stjórnarhætti, innra eftirlit hjá mannauði, skipulag trygginga- og tölfræðigreiningar og úttekt á upplýsingatækni, auk þess sem rýnd var niðurstaða úttektar þriðja aðila um fylgni félagsins við EIOPA viðmiðunarreglur um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar má nálgast á sjova.is

Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd markar starfskjarastefnu sem miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins og skal fylgja mannréttindastefnu félagsins ásamt því að taka afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og stýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd. Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á hverjum aðalfundi. Á aðalfundi 2024 var samþykkt breyting á starfskjarastefnu sem gaf stjórn félagsins heimild til að útfæra og samþykkja kaupréttaráætlun. Stjórn samþykkti slíka áætlun og var öllum fastráðnum starfsmönnum gefinn kostur á að gera kaupréttarsamning við félagið. Starfskjaranefnd er skipuð Björgólfi Jóhannssyni sem er formaður nefndarinnar, Hildi Árnadóttur og Inga Jóhanni Guðmundssyni. Nefndin átti 7 fundi á árinu. Starfsreglur starfskjaranefndar má nálgast á sjova.is

Forstjóri

Forstjóri Sjóvár er **Hermann Björnsson**, fæddur 15. febrúar 1963, til heimilis í Reykjavík. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Hermann hefur verið forstjóri Sjóvár frá október 2011 og var framkvæmdastjóri dótturfélagsins, Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. 2021-2025, og hefur frá 2025 setið í stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Hermann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka hf., fyrst í lögfræðideild og síðar sem forstöðumaður rekstrardeildar. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórn Viðskiptaráðs, Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna, líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. og Samtaka fjármálafyrirtækja. Hann situr í fulltrúaráði Samtaka atvinnulífsins. Hermann á 0,052% eignarhlut í félaginu og kauprétt á allt að 86.704 hlutum á árunum 2026 og 2027.

Skipurit samstæðu

Starfsemi félagsins er skipt upp í fjögur megin svið, þ.e. fjármál og upplýsingatækni, sölu og ráðgjöf, markaðsmál og viðskiptaþróun og tjón. Áhættustýring, persónuvernd, regluvarsla, fjárfestingar, mannauður og gæði og tryggingastærðfræðingur heyra beint undir forstjóra. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Sjóvár lífs er útvistað til móðurfélagsins. Framkvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar fjögurra megin sviða félagsins.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er auk forstjóra skipuð eftirfarandi starfsmönnum þar sem hver og einn framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu sviði gagnvart forstjóra. Meðlimir framkvæmdastjórnar eiga hlutafé og kauprétti í félaginu eins og síðar greinir.

Birgir Viðarsson, fæddur 7. september 1981, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar. Sviðið annast ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana sem og tekjustýringu. Tekjustýring, endurtryggingar, útibú og umboðsnet félagsins tilheyra sviðinu. Birgir er með M.Sc. próf í áhættuverkfræði frá Lunds University og B.Sc. í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands. Birgir var forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar og sérfræðingur í endurtryggingum frá árinu 2017-2022 og starfaði áður í áhættustýringu frá árinu 2011. Áður en Birgir hóf störf hjá Sjóvá starfaði hann við áhættu- og öryggisstjórnun hjá Norðuráli og við reiknilíkanagerð hjá Landsbankanum. Birgir á 0,004% eignarhlut í félaginu og kauprétt á allt að 86.704 hlutum á árunum 2026 og 2027.

Elín Þórunn Eiríksdóttir, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri tónaþjónustu. Sviðið sér um tjónaskráningu, uppgjör tjóna, bótaákvæðanir, tjónaskoðun, áætlun á tjónaskuld og lögfræðipjónustu. Elín er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993. Hún var áður framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar Sjóvár frá 2012 og síðar viðskiptaþróunar og rekstrar og þróunar. Hún var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og forstöðumaður sölueininga Símans hf. 2006-2010. Elín starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1997-2005 lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Elín hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum, og setið í stjórn Valitors hf., Símans hf., Radiómiðunar ehf. og Staka Automation ehf. Elín situr í stjórn Veitna. Elín á 0,072% eignarhlut í félaginu og kauprétt á allt að 86.704 hlutum á árunum 2026 og 2027.

Sigríður Vala Halldórsdóttir, fædd 24. apríl 1983, til heimilis í Garðabæ, er framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni. Sviðið ber ábyrgð á innheimtu, reikningshaldi, upplýsingatækni og viðskiptagreind. Sigríður Vala er með M.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá University of Minnesota og B.Sc. próf í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands, og hefur auk þess lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Sigríður Vala var forstöðumaður hagdeildar Sjóvárs árin 2016-2021 ásamt því að sitja í fjárfestinganefnd félagsins. Sigríður Vala starfaði hjá Creditinfo árin 2015-2016 sem forstöðumaður viðskiptastýringar og 2008-2015 í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka. Sigríður Vala sat í stjórn HS Veitna hf. 2014-2022 og SÝN hf. 2019-2022. Sigríður Vala situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands og Ísfélags hf. Sigríður Vala á 0,015% eignarhlut í félaginu og kauprétt á allt að 86.704 hlutum á árunum 2026 og 2027.

Svali H. Björgvinsson, fæddur 24. maí 1967, til heimilis á Seltjarnarnesi, er framkvæmdastjóri markaðsmála og viðskiptaþróunar. Sviðið annast markaðsmál og forvarnir, viðskiptaþróun og stefnumótun. Svali er með B.A. próf í sálfræði frá Háskóla Íslands 1992 og meistaraáráðu í sálfræði og stjórnun frá New York University, NYU, frá 1997. Hann var forstöðumaður stefnumótunar og viðskiptaþróunar Sjóvárs frá árinu 2018-2022. Svali var meðeigandi hjá PricewaterhouseCoopers 1998-2003 og framkvæmdastjóri mannauðssviðs Kaupþings 2003 til 2009. Að auki hefur hann kennt við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands á tímabilinu 1995 til 2010. Frá árinu 2009 til 2018 starfaði Svali sem framkvæmdastjóri mannauðssviðs og stefnumótunar hjá Icelandair Group/Icelandair. Svali hefur setið í mörgum stjórnnum og tekið að sér fjölda verkefna fyrir íþróttahreyfinguna. Svali á 0,004% eignarhlut í félaginu og kauprétt á allt að 86.704 hlutum á árunum 2026 og 2027.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvárs eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. 13. janúar 2026

Ófjárhagslegar upplýsingar

Sjóvá og viðskiptalíkan þess

Sjóvá er alhliða váttryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga og starfar samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 og lögum um váttryggingasamstæður nr. 60/2017. Starfseminni er skipt upp í þrjá megin starfspætti innan samstæðunnar; skaðatryggingarekstur (þ.m.t. rekstur persónutrygginga), líftryggingarekstur og fjárfestingastarfsemi.

Skaða- og líftryggingarekstur snýst um að takmarka áhrif áfalla á fjárhagslega afkomu einstaklinga og fyrirtækja. Með kaupum á tryggingum er hægt að dreifa fjárhagslegri áhættu vegna tjóna á hóp viðskiptavina og er það grunnurinn að því virði sem félagið skapar fyrir viðskiptavinum sína. Sjóvá býður tryggingar á öllum sviðum skaða- og líftrygginga, eftir atvikum í samstarfi við endurtryggjendur. Viðskiptalíkan félagsins snýst um að veita þjónustu og ráðgjöf sem mætir þörfum þeirra sem þurfa lögum samkvæmt og/eða kjósa að kaupa sér tryggingar, á verði sem tekur mið af undirliggjandi áhættu.

Fjárfestingastarfsemi felst í ávöxtun fjármuna félagsins í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi og fjárfestingastefnu sem stjórn setur. Leitast er við að fjárfestingar séu ábyrgar og varfærnar, í samræmi við fjárfestingastefnu, og að tryggja að samsetning eigna sé í takt við skuldbindingar félagsins, sérstaklega að þær eignir sem mæta eiga váttryggingaskuld séu í takt við eðli og líftíma váttryggingaskuldbindinga.

Sjóvá starfar á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði. Rík áhersla er lögð á að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf sem byggir á þeirra þörfum. Þjónustuleiðir félagsins eru í sífelldri þróun. Auk þess að reka þétt net útibúa, umboðs- og þjónustuaðila um land allt er lögð mikil áhersla á að halda úti öflugum stafrænum þjónustuleiðum og halda þeim vel við. Þá starfrækir félagið vildarþjónustuna Stofn fyrir einstaklinga í viðskiptum, sem býður tjónlausum og skilvísnum meðlimum meðal annars upp á endurgreiðslu hluta iðgjalda sinna á hverju ári.

Það er yfirlýst stefna Sjóvár að starfa í sátt við samfélag og umhverfi, enda álitid að sjálfbær og samfélagslega ábyrgur rekstur skili sér í aukinni arðsemi til framtíðar. Félagið hefur einsett sér að vera leiðandi í forvarnastarfi, með það að markmiði að takmarka áhættu, umfang og tíðni tjóna og stuðla þannig að betra og öruggara samfélagi. Þá er rík áhersla lögð á mannauðsmál hjá félaginu og það að viðhalda mikilli starfsánægju, sem er grunnforsenda ánægju viðskiptavina.

Sjóvá er skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland og fylgir því rík upplýsingaskylda og krafa um gagnsæi.

Arðgreiðslustefna félagsins miðar við að greiða að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs til hluthafa í formi arðs, að því gefnu að gjaldþol sé innan gjaldþolsviðmiða stjórnar.

Ábyrgð og umsjón með sjálfbærnimálum og ófjárhagslegri upplýsingagjöf

Ábyrgð og umsjón með sjálfbærnimálum er á skrifstofu forstjóra, sem í samstarfi við fjármálasvið ber ábyrgð á ófjárhagslegri upplýsingagjöf. Töluverð þekking er til staðar á málaflokknum innan félagsins og er unnið að því að byggja upp sjálfbærnitengda sérfræðiþekkingu innan starfseminnar.

Sjálfbærninefnd Sjóvár er starfsnefnd á vegum forstjóra og hefur hún það hlutverk að styðja við og styrkja stöðu samstæðunnar á sviði sjálfbærni. Nefndinni er ætlað að stuðla að langtíma árangri í rekstri og sjálfbærni félagsins, tryggja að viðeigandi áætlanir og aðgerðir séu fyrir hendi til að markmið samstæðunnar náist. Henni er ætlað að stuðla að miðlun stefnu, markmiða og árangurs á þessu sviði til allra hagaðila, s.s. stjórnar, starfsfólks, viðskiptavina og annarra notenda þjónustu, hluthafa og almennings. Sjálfbærninefndin er skipuð sérfræðingum úr hópi starfsmanna. Þá á fulltrúi stjórnar setu-, áheyrnar- og tillögurétt á fundum nefndarinnar.

Þriggja manna sjálfbærniteymi heldur utan um þá vinnu sem unnin er á sviði sjálfbærni hjá félaginu, s.s. það sem snýr að stefnu, aðgerðum, markmiðasetningu og upplýsingagjöf, í samstarfi við þær deildir og sérfræðinga hjá félaginu sem við á hverju sinni. Þannig á teymið á í reglulegu samtali við sérfræðinga ólíkra starfseininga, bæði til að afla upplýsinga um stöðu sjálfbærnitengdra mála og eins til að miðla upplýsingum til þeirra.

Áreiðanleikakönnunarferli

Starfsemi Sjóvá fellur undir lög um ársreikninga nr. 3/2006 og ber félaginu að veita ófjárhagslegar upplýsingar í samræmi við 66. gr. d-lið. Við samantekt þessara upplýsinga er stuðst við leiðbeiningar Reikningsskilaráðs um upplýsingar í skýrslu stjórnar.

Upplýsingagjöf um sjálfbærni byggir meðal annars á UFS (e. ESG) leiðbeiningum sem Kauphallir Nasdaq á Norðurlöndum hafa sett fram um birtingu slíkra upplýsinga. Þessi viðmið uppfylla ákveðna þætti alþjóðlega staðalsins Global Reporting Initiative (GRI), sem auðveldar fyrirtækjum og stofnunum að miðla upplýsingum um sjálfbærni með gagnsæjum og skýrum hætti. Einnig er tekið mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sjóvá varð aðili að UN Global Compact, samtökum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga viðskiptahætti, árið 2024. Aðildin felur meðal annars í sér að Sjóvá skilar framvinduskýrslu til samtakanna um stöðu á 10 meginmarkmiðum um ábyrga viðskiptahætti á sviði mannréttinda, vinnumarkaðsmála, umhverfismála og varna gegna spillingu. Framvinduskýrslur aðildarfélaga eru aðgengilegar á vefsíðu UN Global Compact.

Árið 2023 tóku gildi lög um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar nr. 25/2023¹. Þau fela meðal annars í sér kröfur um upplýsingagjöf um vörur og fjárfestingar byggða á flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy). Sjóvá birtir upplýsingar í samræmi við þessar kröfur aftast í þessum kafla um ófjárhagslegar upplýsingar.

Með þeim breytingum sem urðu á árinu 2025 á gildissviði löggjafar Evrópusambandsins nr. 2022/2464 (CSRD) um upplýsingagjöf um sjálfbærni varð ljóst að Sjóvá mun að óbreyttu ekki falla þar undir. Upplýsingagjöf félagsins um sjálfbærni byggir engu að síður á þeirri vinnu sem þegar hafði verið ráðist í til að undirbúa gildistöku löggjafarinnar, þar með talið tviátta mikilvægisgreiningu.

Í umfjöllun um mikilvægustu sjálfbærniþætti félagsins hér á eftir eru tilgreindar stefnur, markmið, lykilmælikvarðar, árangur og helstu verkefni sem tengjast hverjum sjálfbærniþætti. Þar er vísað til þeirra úttekta sem framkvæmdar eru og staðla sem liggja til grundvallar, þar sem það á við. Einnig er lýst þeim innri og ytri mælingum sem notaðar eru til að mæla árangur. Jafnframt er gerð grein fyrir megináhættum, áhættustýringu og aðgerðum til mildunar á áhættunum. Þá má sjá nánari umfjöllun um stjórnkerfi, innra eftirlit og áhættustýringu samstæðunnar í stjórnarháttayfirlýsingu.

Sjóvá hlaut einkunnina B1 og 80 stig af 100 mögulegum í sjálfbærnimati Reitunar sem gefið var út í júní 2025. Það telst góður árangur en meðaltal á íslenska markaðnum stóð á þessum tíma í 73 stigum af 100. Sjóvá fékk sama stigafjölda í matinu og árið 2024 en kröfur í matinu jukust milli ára. Í matinu er gerð grein fyrir hvernig fyrirtæki standa frammi fyrir áhættum sem snúa að umhverfispáttum, félagspáttum og stjórnarháttum.

Í árs- og sjálfbærniskýrslu verða veittar nánari upplýsingar um sjálfbærnimál félagsins. Skýrslan verður gefin út fyrir aðalfund félagsins sem haldinn verður 12. mars 2026.

Stefna

Stefna félagsins er yfirfarin reglulega til að tryggja að þjónustan mæti þörfum viðskiptavina og hún sé veitt með sem skilvirkustum hætti. Núverandi áherslur voru kynntar á seinni hluta árs 2024. Þær byggja á greiningu sem unnin var með öllu starfsfólki Sjóvár, þar sem meðal annars var rýnt í breytingar á þörfum ólíkra hópa viðskiptavina, á samfélaginu almennt og á tryggingamarkaði. Hlutverk, framtíðarsýn og gildi félagsins voru í kjölfarið yfirfarin með hliðsjón af niðurstöðu greiningarinnar.

Hlutverk Sjóvár er að stuðla að betra samfélagi. Framtíðarsýnin er „Við göngum lengra í þjónustu við viðskiptavini og stuðlum að öryggi þeirra“. Gildi Sjóvár eru; „Við sýnum umhyggju“, „Við byggjum á þekkingu“, „Við einföldum hlutina“ og „Við erum kvik“. Gildin eru leiðbeinandi í ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins. Markmið og aðgerðir eru ítarlega skilgreind til að styðja við hlutverk, framtíðarsýn og gildi. Á árinu 2025 var haldið áfram við innleiðingu stefnunnar og unnið að þeim verkefnum og aðgerðum sem ætlað er að stuðla að því að sett markmið náist.

¹ www.althingi.is/lagas/nuna/2023025.html

Á undanförunum árum hafa tryggingafélög á Íslandi í auknum mæli stigið skref í átt að sameiningu og/eða samstarfi við fjármálastofnanir. Sjóvá hefur í þessu umhverfi ákveðið að byggja á sterkri sérstöðu sinni sem tryggingafélag sem hefur skýra áherslu á tryggingar og tryggingaráðgjöf, tjónþjónustu og forvarnir. Stefna félagsins endurspeglar þetta. Með því að byggja á og efla áfram sérþekkingu starfsfólks á sviði kjarnastarfsemi félagsins eykst stöðugt það virði sem Sjóvá býður viðskiptavinum sínum.

Með áframhaldandi virku samtali við viðskiptavinum getum við haldið góðri yfirsýn yfir þarfir þeirra og svarað þeim með viðeigandi vöru- og þjónustuframboði hverju sinni. Að sama skapi fylgjumst við vel með þróuninni og breytingum í samfélaginu og í hagkerfinu og erum tilbúin að bregðast við því sem hefur áhrif á starfsemina. Þannig getum við haldið áfram að stuðla að ánægju og tryggð viðskiptavina okkar.

Hagaðilar

Hagaðilar Sjóvár eru fjölbreyttur hópur. Það er mikilvægt fyrir félagið að vera meðvitað um áhrif sín á hagaðila sína og eins um áhrif þeirra á félagið. Samkvæmt niðurstöðum hagaðilagreiningar sem unnin var 2024 eru helstu hagaðilar Sjóvár (þ.e. þeir sem verða helst fyrir áhrifum af starfsemi félagsins); viðskiptavinir, starfsfólk, hluthafar, tjónþolar, birgjar, verktakar, þjónustu- og umboðsaðilar.

Hagaðilagreiningin hefur meðal annars verið nýtt til að ná utan um og móta áherslur í samskiptum við ólíka hagaðilahópa en rík áhersla er lögð á að vera í góðum samskiptum við helstu hagaðila félagsins. Dæmi um slíkt eru útsendingar þjónustukannana til viðskiptavina, mælingar á ánægju þeirra og tryggð, samtöl við fulltrúa félaga- og hagsmunasamtaka í tengslum við vöruþróun, heimsóknir til fyrirtækja í viðskiptum og fleira. Þá er einnig leitast við að halda virku samtali við starfsfólk um allt land með starfsmannasamtölum, framkvæmd starfsánægjukannana og virkri þátttöku alls starfsfólks í stefnumótunarvinnum. Haldnir eru hluthafafundir og fundir með þeim hluthöfum sem þess óska, á viðeigandi tímabilum innan fjárhagsársins. Starfsfólk á einnig í reglulegum samskiptum við helstu birgja og þjónustuaðila um land allt.

Mikilvægustu sjálfbærniþættir

Á árunum 2023 og 2024 framkvæmdi Sjóvá tviátta mikilvægisgreiningu, í samræmi við CSRD löggjöf Evrópusambandsins um upplýsingagjöf í sjálfbærni. Á þessum tíma leit út fyrir að félagið myndi falla undir löggjöfina en það átti eftir að breytast með samþykkt svonefndra Omnibus tillagna á árinu 2025. Þrátt fyrir að Sjóvá falli með þeim ekki undir löggjöfina eiga niðurstöður greiningarinnar um mikilvægustu sjálfbærniþætti félagsins enn við. Því var tekin ákvörðun um að styðjast áfram við þá vinnu og setja sjálfbærniupplýsingar í ófjárhagslegum kafla ársreiknings fram í samræmi við niðurstöður hennar.

Mikilvægustu sjálfbærniþættir í rekstri Sjóvár og virðisbætur þess eru samkvæmt greiningunni:

- Loftslagsbreytingar
- Ánægja viðskiptavina og annarra notenda þjónustu
- Forvarnir
- Mannauður
- Stjórnarhættir

Hér á eftir verður greint frá stefnu, markmiðum, lykilmælikvörðum, árangri, áhættum og áhættustýringu fyrir alla þessa sjálfbærniþætti.

Loftslagsbreytingar

Stefna

Sjóvá leggur sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins með því að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda.

Markmið

- Að draga úr losun frá starfsemi félagsins.
- Að draga úr losun frá eigin samgöngum og ferðum starfsfólks til og frá vinnu.
- Að auka hlutfall vefskráningar tjóna.

Umhverfisáherslur miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í eigin starfsemi og stuðla að minni losun með forvörnum, fræðslu og ábyrgum lausnum í vöruframboði og þjónustu. Umhverfisstefna og markmiðasetning eru verkfæri til að ná settum markmiðum.

Félagið hefur sett sér stefnu um sjálfbærni og er markmið stefnunnar að stuðla að samþættingu á sjálfbærni í starfseminni, að starfsemin uppfylli kröfur sem til hennar eru gerðar og að Sjóvá sé í fararbroddi á sviði ábyrgar tjónavinnslu og forvarna.

Sjóvá hefur skuldbundið sig til að draga úr losun frá starfseminni milli ára og kolefnisbinda sem nemur losun frá starfsemi félagsins í lok hvers árs.

Tenging við heimsmarkmið

Markmið Sjóvár sem snúa að umhverfispáttum tengjast eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun:

- 12. Ábyrg neysla og framleiðsla
- 13. Aðgerðir í loftslagsmálum

Árangur og helstu verkefni

Losun frá starfseminni mældist lægri á árinu 2025 en 2024. Losun vegna notkunar jarðefnaeldsneytis dróst saman vegna fjölgunar hreinorkubíla og aukinnar notkunar fjarskoðunarlausnar. Stærsta breytingin var í mældri losun vegna viðskiptaferða, sem mældist lægri milli ára en mælingin fyrir árið 2024 var skekkt vegna tæknilegrar villu í mati á fluggögnum. Örlítil hækkun kom fram í losun vegna samgangna starfsmanna til og frá vinnu. Heildarlosun ársins 2025 nam 149 kolefnisígildistönnum.

Sjóvá hefur verið með samning við Kolvið um kolefnisbindingu með skógrækt til jöfnunar losunar frá starfseminni og hefur einnig keypt kolefniseiningar frá Kötlum Carbon (áður SoGreen), sem vinnur að forðun losunar með menntaverkefnum fyrir stúlkur í Afríku.

Notkun á fjarskoðunarlausninni Innsýn jókst til muna á árinu en árið 2024 var byrjað að skoða fasteignir við tryggingatöku í gegnum lausnina, sem hafði fram að því aðallega verið notuð við tjónaskoðanir í eignatjónum. Langflestar skoðanir við tryggingatöku á fasteignum fóru fram rafrænt 2025, enda hefur það fyrirkomulag gefið góða raun og gert starfsfólki kleift að þjónusta viðskiptavinum með skjótari hætti en áður. Notkun Innsýnar kom einnig í veg fyrir mun meiri akstur en árið á undan, eða sem nam 105.477 km (miðað við útreikninga í lausninni), samanborið við 33.348 km árið 2024.

Undanfarin ár hefur Sjóvá staðið fyrir átaki til að vekja athygli viðskiptavina á umhverfislegum ávinningi þess að láta gera við framrúður sem verða fyrir tjóni, í stað þess að láta skipta þeim út. Þetta átak hefur verið unnið í góðri samvinnu við samstarfsaðila okkar á verkstæðum. Því miður lækkaði hlutfall framrúðuvíðgerða á móti framrúðuskriptum lítillega milli ára, var 16,1% 2025 samanborið við 17,2% árið 2024. Þó ber að hafa í huga að síðustu 5 árin á undan hafði hlutfallið hækkað jafnt og þétt og hlutfallið 2025 er það næsthæsta sem mælt hefur hjá Sjóvá. Engu að síður er mikill vilji til að hækka það enn meira á komandi árum og verður því áfram unnið að því, með hagsmuni viðskiptavina og umhverfisins að leiðarljósi.

Líkt og undanfarin ár gekk erfiðlega að auka notkun á notuðum varahlutum í ökutækjatjónum, raunar lækkaði hlutfall notkunar þeirra í 3,7% 2025 en hafði verið 5% árið 2024. Hér eru helstu áskoranirnar sem fyrr takmarkað

- Að upplýsa viðskiptavinum um kosti umhverfisvænni tjónaþjónustu til að auka veg hennar og minnka sóun, m.a. með að auka hlutfall framrúðuvíðgerða í stað framrúðuskipta.

Lykilmælikvarðar

- Kolefnislosun frá starfsemi félagsins.
- Kolefnislosun frá eigin samgöngum, flugsamgöngum og til og frá vinnu.
- Hlutfall vefskráningar tjóna.
- Hlutfall rafrænna skoðana og fjöldi kílómetra sem spöruðust með þeim.
- Hlutfall rafrænna áhættu- og forvarnaskoðana fasteigna og fjöldi kílómetra sem spöruðust með þeim.
- Hlutfall framrúðuvíðgerða á móti rúðuskriptum.

framboð af notuðum varahlutum í landinu, en þessir varahlutir verða að vera jafngamlir eða yngri en bifreiðin sem verið er að gera við og í góðu ásigkomulagi, til að hægt sé að nota þá. Þá fækkar því miður tækifærunum til að nýta notaða varahluti með þróun ökutækjaflotans.

Síðustu ár hefur verið unnið af krafti að því að auka hlutfall þeirra sem tilkynna tjón til okkar rafrænt, sem gerir starfsfólki mögulegt að hefja afgreiðslu máls fljótt og örugglega. Á árinu 2025 voru 82,6% tjónstilkynninga rafrænar, en hlutfallið var 80,4% árið á undan. Þá er orðið töluvert minna um að viðskiptavinir fái sendar til sín upplýsingar á pappír þar sem hlutfall viðskiptavina í rafrænum viðskiptum var 95,4% í árslok 2025, samanborið við 94,1% 2024 og 72,4% 2023. Þá hefur mikill akstur sparast með notkun rafrænna undirritana. Samkvæmt reiknivél hugbúnaðarfyrirtækisins Taktikal, sem rekur undirritunarlausnina sem notuð er af Sjóvá, kom notkun rafrænna undirritana í veg fyrir akstur upp á 757.478 km, sem er rúmlega 11% aukning frá árinu 2024.

Unnið hefur verið að því jafnt og þétt að auka hlutfall hreinorkubíla hjá Sjóvá og voru þeir 63% bíla í rekstri hjá félaginu á árinu 2025.

Samkvæmt UFS áhættumati Reitunar sem gefið var út í júní 2025 fékk Sjóvá 88 stig af 100 mögulegum fyrir umhverfisþætti og einkunnina A3. Sjóvá fékk 86 stig af 100 fyrir undirliðinn Umhverfisstjórnun og visthagkvæmni og 90 af 100 fyrir undirliðinn Yfirsýn yfir umhverfisstjórnun.

Frekari upplýsingar og mælikvarða um umhverfismál er að finna í árs- og sjálfbærnisýrslu 2025 sem verður birt á sjova.is fyrir aðalfund félagsins.

Megináhætta og áhættustýring

Helstu áhættuþættir á sviði tryggingastarfsemi og umhverfisþátta tengdum loftslagsáhættu snúa að váttryggðum áhættum og endurtryggingum. Lagt er mat á ytri áhættur félagsins reglulega og er eigið áhættumat framkvæmt árlega, sem meðal annars felur í sér mat á loftslagsáhættu í rekstri félagsins. Á hverju ári er gengið frá samningum við endurtryggjendur og geta áhættur sem snúa að loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra, stríðsrekstri og stöðu efnahagsmála á heimsvísu haft áhrif á umfang og kostnað við endurtryggingar. Stjórnir og stjórnendur auk sérfræðinga annast þetta mat fyrir reksturinn.

Helstu áhættuþættir snúa að breytingum á veðurfari og afleiddum áhættum, svo sem vegna aukinnar hættu á gróðureldum en einnig vegna afleiddra áhætta í kjölfar skriðufalla og flóða. Við þarfagreiningu og í samningagerð við endurtryggjendur er litið til tjónareynslu í tengslum við stóra veðuratburði og fylgst með þróun breytinga á veðurfari. Þótt ekki fari fram formlegt UFS áhættumatsferli við tryggingatöku er litið til loftslagsáhættu í áhættumati þar sem við á. Áhættumat í tengslum við endurtryggingar tekur einnig mið af loftslagsáhættu.

Tjón hafa neikvæð umhverfisáhrif, þau leiða af sér mikla sóun og losun gróðurhúsalofttegunda en að auki geta þau leitt til ótimabærra dauðsfalla og slysa. Forvarnir og fræðsla gegna stóru hlutverki í að minnka líkur á tjónum og aldrei mikilvægara en nú að leggja ríka áherslu á þau málefni.

Tryggingafélög á Íslandi bera ekki áhættu af völdum náttúruhamfara en Náttúruhamfaratrygging Íslands, sem starfar skv. lögum nr. 55/1992, hefur það hlutverk að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara, þ.e. eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða á Íslandi. Sjóvá innheimtir iðgjöld fyrir hönd stofnunarinnar af brunatryggðum húseignum og lausafé viðskiptavina sinna.

Ánægja viðskiptavina og annarra notenda þjónustu

Stefna

Sjóvá leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja að þjónustan sé aðgengileg og í takt við þarfir og óskir viðskiptavina. Stefna félagsins til framtíðar miðar að því að stuðla að betra samfélagi og ganga lengra í þjónustu við viðskiptavinina. Þannig stuðlum við að ánægju viðskiptavina og styðjum við hana með því að hlúa að starfsánægju og að samþætta stafræna og persónulegra

Markmið

- Að vera með ánægðustu og tryggustu viðskiptavinina á íslenskum tryggingamarkaði.
- Að veita viðskiptavininum framúrskarandi þjónustu á sviði ráðgjafar, sölu og þjónustu vegna tjóna.
- Að bæta stöðugt framboð á vörum, þjónustu og þjónustuleiðum í takt við breytingar á þörfum

þjónustu. Nýsköpun og sífelld þróun vöru og þjónustu Sjóvár stuðla að velsæld viðskiptavina og árangri fyrirtækisins.

viðskiptavina og breytingar í samfélaginu almennt.

Tenging við heimsmarkmið

Markmið Sjóvár sem snúa að félagsþáttum tengdum viðskiptavinum og öðrum notendum þjónustu tengjast eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun:

- 3. Heilsa og vellíðan
- 12. Ábyrg neysla og framleiðsla
- 13. Aðgerðir í loftslagsmálum

Lykilmælikvarðar

- Ánægja viðskiptavina á einstaklingsmarkaði (ytri mælingar).
- Ánægja viðskiptavina á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði með þjónustu (innri mælingar).
- Tryggð viðskiptavina á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði (ytri mælingar).
- Ímynd fyrirtækis (ytri mælingar).
- Fyrsta val á tryggingamarkaði, á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði (ytri mælingar).
- Líkur á meðmælum (NPS) á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði (ytri mælingar).

Árangur og helstu verkefni

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar fyrir árið 2025 voru kynntar í janúar 2026. Sjóvá er efst tryggingafélaga, 9. árið í röð, með ánægðustu viðskiptavinina á íslenskum tryggingamarkaði. Sjóvá fékk 72,9 stig, sem er hæsta einkunn sem tryggingafélag hefur fengið. Þessi árangur skiptir félagið miklu máli enda hefur lengi verið litið á mælingar ánægjuvogarinnar sem lykilmælikvarða til að meta upplifun viðskiptavina af þjónustunni. Íslenska ánægjuvugin mælir ánægju viðskiptavina á ólíkum mörkuðum en hún samanstendur af þremur spurningum sem snúa að ánægju með reynslu viðskiptavinar af fyrirtæki, að hversu miklu leyti fyrirtækið uppfyllir væntingar og hversu nálægt fyrirtækið er fullkomnu fyrirtæki.

Á hverju ári framkvæmir Prósent könnun á stöðu tryggingafélaga á fyrirtækjamarkaði. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar fyrir árið 2025 var Sjóvá það tryggingafyrirtæki sem var efst í huga viðskiptavina (e. top of mind), það var oftast nefnt sem fyrsti valkostur og var enn fremur með hæsta meðmælaskorið (NPS). Niðurstöðurnar endurspeglar sterka stöðu Sjóvár á fyrirtækjamarkaði, þrátt fyrir aukna samkeppni á undanförunum árum.

Sjóvá hefur áfram unnið að því að styrkja útibúanet sitt og stafrænar þjónustuleiðir, með það að markmiði að gera þjónustu og ráðgjöf félagsins sem aðgengilegasta. Félagið starfrækir 15 útibú og þjónustuskrifstofur víðs vegar um landið, auk höfuðstöðvanna í Reykjavík.

Á árinu voru opnuð ný útibú á Höfn í Hornafirði og í Ólafsvík en útibúinu í Stykkishólmi var lokað. Starfsfólk Sjóvár var einnig með viðveru í nokkrum minni sveitarfélögum á árinu, til að veita íbúum tryggingaráðgjöf og þjónustu í heimabyggð. Þá heimsótti pólskumælandi ráðgjafi okkar nokkur bæjarfélög til að veita pólskumælandi íbúum aðgengilega ráðgjöf og þjónustu tengda tryggingum. Boðið var upp á þessa þjónustu í Reykjanesbæ, Ólafsvík, Borgarnesi, á Ísafirði og Akranesi og voru margir sem nýttu sér þessa þjónustu.

Sjóvá leggur sig fram um að þróa vörur félagsins í takt við þarfir samfélagsins og þær breytingar sem á þeim verða. Þann 19. júní kynnti Sjóvá nýja vöru, Meðgöngutryggingu, sem er sérstaklega hönnuð fyrir barnshafandi konur. Þar með gátu konur í fyrsta sinn á Íslandi tryggt sig á þessu dýrmæta tímabili í lífi hverrar fjölskyldu en tryggingin byggir á norrænni fyrirmynd. Meðgöngutrygging tryggir bæði verðandi móður og börn í móðurkviði á meðgöngu og í fæðingu og tryggir einnig barnið þar til það verður eins mánaðar gamalt. Tryggingin var þróuð í samvinnu við fjölbreyttan hóp hagaðila og hlaut góðar viðtökur.

Rík áhersla er lögð á að gera vörur og þjónustu félagsins sem aðgengilegasta viðskiptavinum. Í byrjun árs var stigið stórt skref í þessa átt þegar nýjum vef Sjóvár var hleypt af stokkunum. Vefnum er ætlað að gera það auðvelt að nálgast einfaldar upplýsingar um allar tryggingar, sem og ítarlegra efni, fyrir þá sem það kjósa. Allar upplýsingar eru líka aðgengilegar á ensku og öflug leitarvél er á síðunni. Þannig verður auðveldara fyrir viðskiptavinum að kynna sér vörurnar og skilja hvaða tryggingar þeir hafa þörf fyrir.

Spjallmennni sem byggir á gervigreind var einnig tekið í notkun á árinu, en það svarar einfaldari fyrirspurnum út frá skilmálum og vörusíðum á sjova.is. Þetta hefur reynst góð viðbót við þær leiðir sem viðskiptavinir hafa til að afla sér upplýsinga. Starfsfólk fylgist vel með gæðum svaranna sem spjallmennnið veitir og er fljótt að betrubæta þau ef þess þarf. Þannig hefur spjallmennnið þróast hratt á árinu og getað veitt stöðugt betri þjónustu.

Ýmsar stafrænar nýjungar voru teknar í gagnið á árinu til að bæta ferla og þjónustu. Má þar nefna nýja vefþjónustu fyrir fasteignasala vegna stöðu á brunatryggingum fasteigna og sjálfvirk áhættumat persónutrygginga, sem hefur gert útgáfu þeirra einfaldari og skilvirkari. Að auki voru gerðar margvíslegar umbætur á innri kerfum sem starfsfólk notar til að þjónusta viðskiptavinum, með það að markmiði að auka skilvirkni, hraða og gæði þjónustunnar.

Sjóvá var efst tryggingafélagi í Sjálfbærniásnum 2025. Sjálfbærniásinn er nýr samræmdur mælikvarði sem mælir viðhorf íslenskra neytenda til frammistöðu fyrirtækja og stofnana í sjálfbærnimálum. Þetta er í annað skiptið sem þessi viðurkenning er veitt og hefur Sjóvá verið efst tryggingafélagið í bæði skiptin.

Sjóvá fékk hæstu einkunn fyrir félagsþætti í UFS mati Reitunar í júní 2025, eða einkunnina A1 og 97 stig af 100 mögulegum. Þetta er 5. árið í röð sem Sjóvá fær hæstu einkunn fyrir félagsþætti í matinu. Fyrir undirflokkinn viðskiptaánægja og tengsl við samfélagið fékk félagið 85 stig af 100 mögulegum og einkunnina B1.

Frekari upplýsingar og mælikvarða um ánægju viðskiptavina og annarra notenda þjónustu er að finna í árs- og sjálfbærnisýrslu 2025 sem verður birt fyrir aðalfund félagsins á sjova.is.

Megináhætta og áhættustýring

Helstu áhættur tengdar viðskiptavinum og samfélagi snúa að gæðum sambandsins við viðskiptavinum og orðspori. Þannig gæti það haft mikil áhrif á reksturinn ef ánægja viðskiptavina minnkaði og ef orðspor og ímynd félagsins yrði neikvæðari, af einhverjum sökum.

Mælingar á ánægju viðskiptavina með þjónustu og á ímynd félagsins eru grundvöllur mats á orðsporsáhættu. Bæði er um að ræða innri mælingar, svo sem þjónustukannanir og rýnihópa, og ytri mælingar, sem reglulega eru framkvæmdar meðal viðskiptavina og almennings. Einnig er fylgst vel með fjölmiðlaumfjöllun um Sjóvá og tryggingar almennt, sem og umræðum á samfélagsmiðlum og í samfélaginu.

Fagleg ráðgjöf sem byggir á góðri þekkingu starfsfólks og greiningu á þörfum viðskiptavina tryggir þeim viðeigandi vernd og er einnig til þess fallin að byggja undir traust viðskipta. Starfsfólk Sjóvár starfar eftir siðareglum sem félagið hefur sett sér og fær einnig markvissa þjálfun og reglubundna fræðslu til að geta sinnt hlutverki sínu af fagmennsku, í samræmi við gildandi lög og reglur og þjónustustefnu félagsins.

Forvarnir

Stefna

Hlutverk Sjóvár er að stuðla að betra samfélagi og þar leika forvarnir stórt hlutverk. Með því að sinna forvörnum með markvissum hætti, nýta sérþekkingu Sjóvár og gögn og miðla **fræðslu** skipulega getur **félagið** stuðlað að fækkun slysa og tjóna og minnkað umfang þeirra tjóna sem verða. Allt hefur þetta jákvæð áhrif á viðskiptavinum, samfélag og umhverfi, á samband og **samskipti** við viðskiptavinum og á rekstur Sjóvár.

Það er stefna Sjóvár að vera ábyrgt og virkt í samfélaginu og veitir félagið því m.a. árlega styrki til aðila sem vinna að ýmsum góðum málefnum í þágu samfélagsins. Sjóvá kappkostar að styrkja þau málefni sem styðja við hlutverk og stefnu félagsins. Í samræmi við það er lögð áhersla á að styrkja verkefni sem tengjast forvörnum, heilsu og

Markmið

- Að fækka tjónum, minnka umfang tjóna og koma í veg fyrir slys hjá einstaklingum og fyrirtækjum.
- Að halda úti öflugu forvarnastarfi og áhættumati, bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði.

Lykilmælikvarðar

- Fjöldi áhættu- og forvarnaskoðana hjá fyrirtækjum.
- Fjöldi áhættu- og forvarnaskoðana fasteigna.
- Fjöldi forvarnatengdra fræðsluerinda og birtra greina.

hreyfingu, sem og þátttöku almennings í samfélagsverkefnum.

Tenging við heimsmarkmið

Markmið Sjóvárs sem snúa að forvörnum tengjast eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun:

- 3. Heilsa og vellíðan
- 12. Ábyrg neysla og framleiðsla
- 13. Aðgerðir í loftslagsmálum

- Sértekir mælikvarðar fyrir ólík fyrirtæki, í samræmi við áskoranir þeirra hverju sinni.
- Niðurstöður rannsókna á stöðu mála sem tengjast málaflokknum, s.s. á farsímanotkun við akstur.

Árangur og helstu verkefni

Mikilvægur hluti af starfsemi Sjóvárs er að stuðla að því að koma í veg fyrir tjón, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum í viðskiptum og samfélaginu öllu. Unnið er að mörgum ólíkum verkefnum með þetta að markmiði og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná sem mestum árangri.

Á árinu var ráðist í herferð þar sem umhverfismiðlar voru nýttir til að koma mikilvægum forvarna- og öryggisskilaboðum til vegfarenda á stöðum þar sem fólk þarf að vera sérstaklega vakandi í umferðinni. Þessi skilaboð voru unnin út frá tjónagögnum félagsins og slysatölum Samgöngustofu, sem sýndu hvar hættulegustu gatnamótin og hringtorgin eru á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða þessu var einnig vakin athygli á því að skert athygli er ein helsta ógnin í umferðinni og þar koma farsímarnir oft við sögu. Áfram var unnið ötullega að samstarfsverkefni Samgöngustofu og Sjóvárs, *Ekki taka skjáhættuna*, til að fræða um hættuna sem fylgir farsímanotkun undir stýri.

Um haustið var sett upp önnur herferð á auglýsingaskiltum þar sem vakin var athygli á því að þúsundir barna væru að bætast við umferðina við upphaf skólaársins. Herferðinni var fylgt eftir með umfjöllun í fjölmiðlum um ábyrgð okkar allra á að tryggja öryggi barna í umferðinni.

Sjóvá og Miðstöð slysavarna barna buðu foreldrum barna á aldrinum 0-3 ára og öðrum áhugasömum aðstandendum upp á ókeypis forvarnanámskeið á árinu. Námskeiðið bar yfirskriftina *Öryggi ungra barna á heimilinu*. Yfir 100 manns sóttu námskeiðin sem voru bæði haldin í húsnæði miðstöðvarinnar og rafrænt, á íslensku og ensku.

Líkt og undanfarin ár voru birtar greinar um forvarnir í fjölmiðlum, farið í viðtöl og efni birt á samfélagsmiðlum félagsins. Sendir voru 11 forvarnatengdir markpóstar til viðskiptavina á árinu en áhersla er lögð á að vanda skilaboð þannig að efni þeirra skili sér sem best til viðskiptavina.

Forvarnir og öryggismál eru mikilvægur hluti af samstarfi Sjóvárs við fyrirtæki í viðskiptum. Sem dæmi um verkefni sem unnið var að á árinu má nefna útgáfu fræðsluefnis fyrir vinnustaði um viðbrögð við vinnuslysum, sem gefið var út á íslensku, ensku og pólsku. Þá var gerður samningur við Áhættustjórnun ehf. sem felur í sér að viðskiptavinir Sjóvárs fá sérkjör af uppsetningu og notkun atvikaskráningakerfisins ATVIK. Haldinn var morgunverðarfundur fyrir aðila ferðapjónustunnar um öryggismál, sem og fjölsóttir Fyrirtækjadagar á Selfossi, Akureyri og Ísafirði, þar sem meðal annars var rætt um forvarnir tengdar brunaáhættu hjá fyrirtækjum. Sérstök forvarnaerindi voru einnig haldin á vegum félagsins á öryggisviku Reykjavíkurborgar, hjá Kópavogsbæ, Íslandspósti og í Landbúnaðarháskólanum Hvanneyri, svo dæmi séu nefnd.

Reglulega er tekin saman tjónatölfræði fyrir fyrirtæki í viðskiptum og helstu áhættur greindar út frá gögnum. Upplýsingarnar eru síðan notaðar í forvarnastarfi til að efla öryggi vinnustaðanna. Þá var farið yfir öryggismál með starfsfólki í fjölmörgum fyrirtækjaheimsóknum en samtals var farið í 282 áhættu- og forvarnaskoðanir í fyrirtæki, til viðbótar við mörg hundruð þjónustuheimsóknir, þar sem forvarnir og öryggismál eru hluti af samtalinu.

Árangur í forvörnum næst eðli málsins samkvæmt helst með öflugu samstarfi og hefur Sjóvá í gegnum tíðina átt í góðri samvinnu við ýmsa opinbera aðila og samtök sem vinna að málaflokknum. Sjóvá á þannig sæti í fagráði umferðarmála fyrir hönd Samtaka fjármálafyrirtækja og er hluti af Eldvarnarbandalaginu. Sjóvá átti einnig í virku samtali við Ferðamálastofu á árinu um helstu áskoranir í greininni tengdar öryggismálum og þá var áfram unnið með Samgöngustofu að átaki gegn farsímanotkun í umferðinni, eins og fyrr segir. Fulltrúi Sjóvárs flutti einnig erindi á

morgunverðarfundinum *Brunavarnir og öryggi til framtíðar* sem Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Samtök iðnaðarins stóðu að.

Eins og greint var frá í umfjöllun um Loftslagsbreytingar var áfram unnið að því að auka hlutfall framrúðuviðgerða og fækka á sama tíma framrúðuskiptum. Er þetta gert í góðu samstarfi við samstarfsaðila okkar á verkstæðum um land allt, meðal annars með því að dreifa framrúðuplástrum sem komið geta í veg fyrir að skemmdir á rúðu stækki. Fjarskoðunarlausnin Innsýn var einnig mikið notuð við tjónaskoðanir og nær allar áhættuskoðanir á fasteignum voru framkvæmdar með henni. Forvarnir eru afar mikilvægur þáttur í þeim samtölum sem starfsfólk á við viðskiptavini í gegnum Innsýn. Í tjónaskoðunum gerir lausnin starfsfólki kleift að bregðast fyrr við, leiðbeina um fyrstu viðbrögð og koma í veg fyrir að tjón verði umfangsmeiri. Í áhættuskoðunum leggur starfsfólk áherslu á að fara yfir það helsta sem viðskiptavinurinn þarf að huga að í tengslum við forvarnir og öryggismál húsnæðisins, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, sumarhús eða annað.

Sjóvá hefur lengi lagt áherslu á að styrkja verkefni sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið og er þar sérstaklega litið til verkefna sem tengjast forvörnum, heilsu og hreyfingu, í takt við hlutverk og stefnu félagsins. Slysavarnafélagið Landsbjörg fékk líkt og undanfarin ár stærsta styrkinn en Sjóvá hefur um áratuga skeið verið aðalstyrktaraðili samtakanna og átt í afar farsælu samstarfi við þau um ýmis verkefni tengd forvörnum og öryggismálum.

Sem dæmi um aðra styrkþega á árinu 2025 má nefna *Lífssporið*, *hlaup* sem Líf styrktarfélag heldur til styrktar kvennadeildar Landspítalans. Þá styrkti Sjóvá *Ljósafoß* gönguna líkt og síðustu ár, þar sem gengið er niður hlíðar Esjunnar með höfuðljós þannig að fallegur ljósafoß myndast. Gangan er haldin til styrktar Ljósinu, endurhæfingarmiðstöð fyrir þá sem hafa greinst með krabbamein. Sjóvá styrkir Ljósið um 2.000 kr. fyrir hvern þátttakanda í göngunni, sem voru 900 talsins þetta árið. Sjóvá styrkti að auki Hinsegin daga í Reykjavík 2025 eins og undanfarin sumur.

Í ár var tekið upp nýtt fyrirkomulag við veitingu smærri styrkja, sem eru til viðbótar við fasta styrktarsamninga. Þau sem vilja sækja um styrk senda inn umsókn á vef Sjóvá og er úthlutað úr sjóðnum þrisvar sinnum á ári. Samtals er úthlutað að hámarki 12 milljón kr. á ári en einstaka styrkir fara ekki yfir eina milljón kr. Úthlutunarreglur eru aðgengilegar á sjova.is.

Frekari upplýsingar og mælikvarða um forvarnir er að finna í árs- og sjálfbærnisráðgjöf 2025 sem verður birt fyrir aðalfund félagsins á sjova.is.

Megináhætta og áhættustýring

Helstu áhættur tengdar forvörnum snúa að því að ekki sé hugað nægilega vel að því að draga úr líkum á að tjón og slys verði, með tilheyrandi kostnaði fyrir einstaklinga, fyrirtæki, félagið sjálft, samfélag og umhverfi. Sjóvá leggur í starfsemi sinni áherslu á forvarnir með því að stuðla að lágmörkun afleiðinga tjóna og nýta reynslu, þekkingu og gögn til að bæta forvarnir, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

Félagið nýtir slagkraft sinn, gögn og þekkingu til að stuðla að öruggara samfélagi með þeim forvörnum sem eru brýnastar hverju sinni. Einnig á félagið í stöðugu samtali við ólíka hagaðila um tækifæri í forvörnum og þrýstir á aðgerðir þar sem við á.

Forvarnaverkefni byggja á mælingum og mikilvægismati og leitast er við að meta árangur af þeim forvarnaaðgerðum sem félagið stendur fyrir. Fagleg og vel ígrunduð ráðgjöf um forvarnir er til þess fallin að styðja viðskiptavini í að þekkja áhættur og koma í veg fyrir tjón hjá þeim.

Mannauður

Stefna

Sjóvá vill vera eftirsóknarverður vinnustaður sem getur ráðið til sín hæft starfsfólk með metnað fyrir að veita framúrskarandi þjónustu. Sjóvá hlúir vel að fyrirtækjamenningu hjá félaginu sem einkennist af hárri

Markmið

- Að Sjóvá nái að ráða til sín hæft starfsfólk af öllum kynjum með fjölbreytta þekkingu, reynslu og bakgrunn.

starfsánægju, stolti, umhyggju og sérþekkingu á tryggingum. Sjóvá leggur einnig mikla áherslu á öfluga símenntun og starfsþróun starfsfólks sem undirstöðu góðs reksturs og ánægju viðskiptavina.

Sjóvá hefur um árabil unnið markvisst að jafnréttismálum og lagt áherslu á að vera í fararbroddi í málaflokknum. Stefna Sjóvár í jafnréttismálum byggir á mannréttindastefnu sem miðar að því að tryggja jöfn laun og tækifæri starfsfólks og fjölbreytileika í samsetningu stjórnar, stjórnenda og starfsfólks. Sjóvá hefur í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum.

Tenging við heimsmarkmið

Markmið Sjóvár sem snúa að félagsþáttum tengdum mannauði tengjast eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun:

- 5. Jafnrétti kynja
- 8. Góð atvinna og hagvöxtur

- Að starfsánægja og stolt sé meðal efstu mælinga í gagnagrunni Gallup á Íslandi og fari ekki undir 4,6 af 5.
- Að starfsumhverfi og vinnuaðstæður séu öruggar og styðji við vellíðan og heilsu starfsfólks.
- Að heildarlaunamunur kynja sé ekki meiri en 2%.
- Að hlutföll kynja séu sem jöfnust í öllum flokkum, þ.e. í hópi starfsfólks, framkvæmdastjórnar, stjórnendahóps, stjórna og nefnda, og að meðaltal hlutfalla allra flokka sé milli 40% og 60%.
- Að fræðslustarf félagsins miði að því að viðhalda og bæta þekkingu starfsfólks til að veita framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf.
- Að í boði séu fjölbreytt tækifæri til símenntunar og starfsþróunar fyrir starfsfólk.
- Að starfsmannavelta sé innan áhættuviðmiða.

Lykilmælikvarðar

- Starfsánægja (ytri mælingar).
- Stolt (ytri mælingar).
- Starfsaðstæður (ytri og innri mælingar).
- Launamunar kynja (ytri úttekt óháðs aðila).
- Hlutföll kynja við ráðningar og í hópi starfsfólks, framkvæmdastjórnar, stjórnenda, stjórna og nefnda.
- Starfsmannavelta.
- Fræðsla og símenntun (innri og ytri mælingar).
- Sálfélagslegt áhættumat starfa og umhverfis (innri mæling).

Árangur og helstu verkefni

Hjá Sjóvá hefur lengi verið lögð áhersla á að hlúa vel að mannauði félagsins, enda styður ánægja starfsfólks við ánægju viðskiptavina. Í árlegri könnun Gallup, sem framkvæmd var fyrir árið 2025, mældist starfsánægja 4,6 af 5 mögulegum. Starfsánægja hjá Sjóvá er með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum og í topp 13% fyrirtækja í gagnabanka Gallup á Íslandi.

Sjóvá hlaut viðurkenninguna Fyrirtæki ársins 2025, í stærstu vinnumarkaðskönnun á Íslandi sem VR stéttarfélag lætur framkvæma árlega. Um 200 íslensk fyrirtæki taka þátt á hverju ári og mælir könnunin stöðu á níu mikilvægum þáttum í starfsumhverfi fyrirtækja. Þremur efstu fyrirtækjum í flokki lítilla, meðalstórra og stórra fyrirtækja er veitt viðurkenningin Fyrirtæki ársins 2025. Sjóvá mældist efst allra fyrirtækja í ánægju og stolti starfsmanna í flokki stórra fyrirtækja.

Það er stefna Sjóvár að tryggja að starfsfólk búi ávallt yfir þeirri þekkingu og færni sem þarf til að geta veitt framúrskarandi ráðgjöf og þjónustu, sem og að gera það hæfara til að takast á við dagleg störf og veita þeim tækifæri til starfsþróunar. Mikil vinna fór fram á árinu í að samræma nýliðafræðslu og færa hana til nýrrí tíma með rafrænu fræðsluferfi. Nýliðakönnun sem framkvæmd var í lok sumars sýndi mikla ánægju með nýtt fyrirkomulag fræðslunnar.

Mikilvægur þáttur í fræðslustarfi félagsins eru reglulegir fræðslufundir fyrir allt fyrirtækið á miðvikudagsmorgnum og voru haldnir 26 slíkir á árinu. Fjölbreytt erindi voru í boði, bæði fræðsla frá sérfræðingum félagsins til að miðla þekkingu á milli deilda, sem og erindi frá utanaðkomandi sérfræðingum um allt frá netöryggi til bjargráða við streitu.

Rafræna fræðslukerfið Viska styður einnig við öflugt fræðslu- og endurmenntunarstarf félagsins en þar er að finna fjölmörg námskeið sem standa starfsfólki til boða. Námskeiðin eru hugsuð til að styðja við sí- og endurmenntun starfsfólks, heilsu og forvarnir.

Á árinu var stofnuð fræðslunefnd með það að markmiði að taka enn betur utan um fræðslumál félagsins. Í nefndinni sitja fulltrúar frá öllum sviðum félagsins.

Síðustu tvö ár hafa rúmlega 60 starfsmenn sótt 15 stunda grunnnám í lögum um tryggingar í við Háskólann í Reykjavík. Námið er að hluta til rafrænt en einnig er staðarlota þar sem unnið er í hópum. Tryggingaskólinn er samstarfsverkefni Opna háskólans í HR, Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu og tryggingafélaganna en í ár var í fyrsta skiptið boðið upp á viðbótarnám á sviði ábyrgðartrygginga, persónutrygginga og ökutækjatrýgginga. Starfsfólk Sjóvá er einnig duglegt að koma auga á tækifæri til að sækja viðbótarþekkingu í gegnum nám, námskeið eða ráðstefnur innanlands og erlendis. Lögð er áhersla á að styðja við slíkt frumkvæði starfsfólks enda er þekking eitt af grunnildum Sjóvá.

Óútskýrður launamunur kynjanna mældist 0,6% á árinu 2025, konum í hag. Sjóvá hefur frá árinu 2014 haft jafnlaunavottun sem staðfestir að í félaginu er virkt jafnlaunakerfi. Viðhaldsúttekt var framkvæmd af óháðum aðila í febrúarmánuði og sannreynði að ferlar og stýringar jafnlaunakerfisins styðja vel við stefnu og markmið Sjóvá í jafnlaunamálum. Einnig kom fram að styrkleiki jafnlaunakerfis Sjóvá er vilji stjórnanda til að vinna að stöðugum umbótum á kerfinu.

Í lok árs 2025 störfuðu 199 starfsmenn hjá Sjóvá í 185 stöðugildum, vítt og breitt um landið. 53,3% starfsmannahópsins voru konur og 46,7% karlar. Í árslok voru 40% stjórnarmanna Sjóvá konur og 60% karlar. Þá eru konur 40% af framkvæmdastjórn félagsins og í hópi stjórnenda félagsins eru 57% konur og 43% karlar. Í stjórn dótturfélagsins Sjóvá Lífs eru 33% konur og 67% karlar. Starfsmannavelta á árinu var 13% en var 8% árið 2024.

Sjóvá hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar, hreyfiaflsverkefni FKA, í 7. sinn á árinu 2025. Verkefnið hefur þann tilgang að auka jafnvægi kynja í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á Íslandi. Viðurkenningarnar hafa verið veittar frá árinu 2019 og hefur Sjóvá verið í hópi viðurkenningarhafa öll árin. Félagið hefur einnig átt sæti í stýrihóp verkefnisins og verið stoltur bakhjarl þess frá upphafi.

Þá hlaut Sjóvá tilnefningu til viðurkenningarinnar VIRKt fyrirtæki 2025, sem veitt er fyrirtækjum eða stofnunum sem sinnt hafa samstarfinu við atvinnutengingu VIRK sérstaklega vel. Sjóvá var að auki tilnefnt sem eitt af bestu íslensku vörumerkjum 2025 í flokknum Vörumerki vinnustaðar, sem veitt er af Brandr vörumerkjastofu. Við valið er m.a. litið til þess hvort vörumerki laði að hæfileikaríkt starfsfólk, hafi skýra stefnu, bjóði starfsfólki upp á þróunartækifæri og hvort starfsfólk mæli með því.

Sjóvá fékk hæstu einkunn gefna fyrir félagsþætti í UFS áhættumati Reitunar í júní 2025, einkunnina A1 eða 97 stig af 100 mögulegum fyrir flokkinn. Þar af fékk Sjóvá 100 stig af 100 mögulegum fyrir undirflokkinn Mannauð.

Frekari upplýsingar og mælikvarða um félagsþætti er að finna í árs- og sjálfbærnisýrslu 2025 sem verður birt á sjova.is fyrir aðalfund félagsins.

Megináhætta og áhættustýring

Helstu áhættur tengdar mannauði snúa að starfsánægju, helgun, þekkingu og tryggð starfsfólks. Aukin starfsmannavelta getur aukið líkur á að mikilvæg þekking glatist og því er stöðugt unnið að því að viðhalda góðri starfsánægju og viðhalda, efla og auka þá þekkingu sem starfsfólk félagsins býr yfir.

Starfsánægjukannanir eru framkvæmdar reglulega, sem og áhættumat til að greina mögulegar áhættur í sálfélagslegu umhverfi starfsfólks og bregðast við með umbótaáðgerðum ef þarf. Starfsmannasamtöl eru einnig mikilvægur hluti aðgerða á þessu sviði og eru þau haldin reglulega yfir árið. Að auki hafa verið settar fram skýrar samskiptareglur og þá er lögð mikil áhersla á aðgerðir tengdar almennri velferð og heilsu starfsfólks með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum, lengra fæðingarorlofi eða annarri vinnuhagræðingu. Heilsufarsskoðanir, líkamsræktarstyrkir, niðurgreiðsla sálfræðiþjónustu og sjúkraþjálfunar eru einnig stuðningsaðgerðir sem minnka eiga lífsstíls- og heilsuáhættur og auka velferð meðal starfsfólks.

Stjórnarhættir

Stefna

Sjóvá fylgir þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Sjóvá einsetur sér að vera fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum sem felur í sér að stjórnarhættir séu í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og þær kröfur sem gerðar eru til félaga sem eru eftirlitsskyldir aðilar og skráð í kauphöll. Sjóvá hefur sett sér hlítinstefnu og siðareglur og er allt starfsfólk bundið trúnaði um hvaðeina sem það verður áskynja í starfi sínu varðandi Sjóvá, viðskiptavinum, tjónþola eða aðra hagaðila.

Sjóvá hefur sett sér stefnur um upplýsingaöryggi og persónuvernd sem eiga að tryggja vernd upplýsinga, réttleika gagna, aðgengi og öryggi þeirra. Sjóvá leggur mikla áherslu á upplýsingaöryggi og fyrirbyggjandi aðgerðir í þeim efnum.

Sjóvá uppfyllir lágmarksverndarráðstafanir í samræmi við ákvæði flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins.

Tenging við heimsmarkmið

Markmið Sjóvár sem snúa að stjórnarháttum tengjast eftirfarandi heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun:

- 8. Góð atvinna og hagvöxtur
- 16. Friður og réttlæti
- 17. Samvinna um markmiðin

Árangur og helstu verkefni

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um váttryggingastarfsemi og reglugerð um váttryggingastarfsemi. Stjórnarháttayfirlýsing félagsins tekur mið af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins. Stjórnarháttayfirlýsing fyrir árið 2025 er hluti af ársreikningi.

Sjóvá hlaut nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum 2025 í ágúst mánuði. Um er að ræða viðurkenningu sem veitt er árlega af Stjórnvísí, Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, til fyrirtækja þar sem starfshættir stjórna eru vel skipulagðir og framkvæmd stjórnarstarfa til fyrirmyndar. Þá var Sjóvá einnig Framúrskarandi fyrirtæki 2025 samkvæmt úttekt Creditinfo, sem tekur árlega út rekstur fyrirtækja og metur stöðu þeirra.

Sjóvá hefur frá árinu 2014 verið með vottun á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO27001 staðlinum. Vottunin staðfestir að stjórnkerfi upplýsingaöryggis sé í samræmi við kröfur staðalsins, sem miða að því að upplýsingar séu verndaðar á kerfisbundinn, rekjanlegan og áhættumiðaðan hátt. Hún hefur verið staðfest árlega fyrir Sjóvá, nú síðast eftir úttekt sem fór fram í maí 2025. Kröfur til félagsins hvað varðar upplýsingaöryggi og öryggi við rekstur upplýsinga- og fjarskiptatækniinnviða eru sífellt að aukast, m.a. með nýju regluverki um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar (DORA) og leggur félagið mikinn metnað í að vera til fyrirmyndar í þessum málaflokki, í samræmi við eðli starfseminnar.

Regluleg þjálfun og fræðsla um upplýsingaöryggi er mikilvægur hluti af fræðslustarfi fyrir starfsfólk. Markmiðið er að stuðla þannig að virkri öryggisvitund og því að allt starfsfólk sé ávallt meðvitað um ábyrgð sína þegar kemur að meðhöndlun og vernd upplýsinga sem unnið er með í starfseminni.

Markmið

- Að tryggja að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög, reglur og leiðbeinandi tilmæli.
- Að starfa í samræmi við kröfur um góða stjórnarhætti.
- Að stuðla að góðum viðskiptaháttum og siðferði í starfseminni til að byggja undir traust til félagsins.
- Að tryggja nægjanleg aðföng til að starfsemi félagsins standist kröfur sem gerðar eru til upplýsingaöryggis og verndar persónuupplýsinga.
- Að tryggja faglega og gagnsæja upplýsingagjöf um sjálfbærnimál félagsins sem nýtist hagaðilum.

Lykilmælikvarðar

- Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum hjá Stjórnvísí.
- Vottun samkvæmt ISO27001 staðlinum um upplýsingaöryggi.
- UFS sjálfbærnimat Reitunar.
- Innri sjálfbærnimælikvarðar.

Sjóvá birtir upplýsingar um sjálfbærnimarkmið og árangur félagsins á UFS mælikvörðum, í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq. Þetta er í áttunda sinn sem mælikvarðarnir verða birtir sem hluti af árs- og sjálfbærnisráðgjöf félagsins, sem gefin verður út fyrir aðalfund.

Á árinu 2024 gerðist Sjóvá aðili að UN Global Compact (UNGC), samtökum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga viðskiptahætti. Með aðild skuldbatt Sjóvá sig til að vinna að tíu meginmarkmiðum UNGC um ábyrga viðskiptahætti á sviði mannréttinda, vinnumarkaðsmála, umhverfismála og varna gegn spillingu. Í júní 2025 skilaði Sjóvá fyrstu framvinduskýrslu sinni til UNGC þar sem upplýst var um stöðuna hjá félaginu í þessum málaflokkum og þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í til að styðja við sjálfbæra þróun í rekstrinum. Framvinduskýrslur aðildarfélaga eru aðgengilegar á vefsíðu samtakanna.

Sem fyrr segir hlaut Sjóvá einkunnina B1 með 80 stig af 100 mögulegum í sjálfbærnimati Reitunar sem kom út í júní 2025. Félagið fékk 72 stig af 100 og einkunnina B2 fyrir Stjórnarhætti. Fyrir undirflokkinn Almennir stjórnarhættir fékk félagið 93 stig af 100 eða einkunnina A2.

Frekari upplýsingar um rekstur Sjóvár, með tilliti til umhverfis-, félags- og stjórnarháttanna má finna í árs- og sjálfbærnisráðgjöf 2025 sem verður birt á sjova.is fyrir aðalfund félagsins.

Megináhættur og áhættustýring

Helstu áhættur vegna stjórnarháttanna eru áhætta af því að lögum og reglum sé ekki fylgt, vegna ófullnægjandi eða gallaðra kerfa, háttsemi starfsfólks og annarra innri eða ytri þátta sem geta leitt til fjárhagslegs taps eða verulegra rekstrartruflana. Hún er því hluti af rekstraráhættu félagsins. Rekstraráhætta er samsett úr nokkrum þáttum, þ.e. stefnumótunaráhættu, áhættu sem skapast vegna upplýsingakerfa eða upplýsingaleka, útvistunaráhættu, lagalegrar áhættu og orðsporsáhættu. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga samstæðunnar.

Til að stýra áhættum sem snúa að stjórnkerfi og öðrum áhættum í rekstri hefur Sjóvá sett sér stefnur og mælikvarða sem stöðugt er fylgst með. Farið er yfir þessar stefnur árlega og breytingar gerðar ef við á. Með stefnum, reglum og aðgerðum uppfyllir félagið jafnframt kröfur um lágmarksverndarráðstafanir í samræmi við 18. gr. flokkunarreglugerðar Evrópusambandsins líkt og neðan greinir.

Mannréttindastefna Sjóvár lýsir áherslum félagsins í mannréttinda- og jafnréttismálum og fjölbreytileika. Markmið stefnunnar er að stuðla að betra og öruggara samfélagi og öflugum mannauði með því að standa vörð um mannréttindi, jöfn tækifæri, stöðu og fjölbreytni í allri starfseminni. Með stefnunni uppfyllir Sjóvá alþjóðlegar laga- og leiðbeiningakröfur um félagsleg viðmið, mannréttindi, aðgerðir gegn einelti, áreiti og ofbeldi.

Félagið hefur sett sér stefnu um varnir gegn mútum og spillingu sem lýsir áherslum og aðgerðum Sjóvár í málaflokknum. Skattastefna félagsins tryggir að skattaáhættu sé stýrt og að farið sé eftir lögum og reglum varðandi skatta og stuðlar að gagnsæi í skattamálum.

Sjóvá hefur sett sér reglur um vernd uppljóstrara og feril fyrir tilkynningar um misferli og aðra ámælisverða háttsemi þar sem starfsmenn og aðrir hagaðilar geta sent inn tilkynningar nafnlaust eða undir nafnleynd. Stefna um meðhöndlun ábendinga og kvartana er í gildi sem er ætlað að tryggja gagnsætt og skilvirkt verklag við úrvinnslu þeirra, sem og skjóta og sanngjarna afgreiðslu.

Félagið hefur einnig sett sér samkeppnisréttaráætlun til að greina og draga úr samkeppnisréttarlegum áhættum og tryggja eins og kostur er að félagið starfi í samræmi við samkeppnislög og góða viðskiptahætti. Félagið hefur sett sér stefnu í fræðslumálum með það að markmiði að starfsfólk efli og viðhaldi þekkingu sinni og hæfni.

Í samræmi við ofangreindar reglur og stefnur eru settar fram siðareglur fyrir félagið. Auk þess er Sjóvá með siðareglur fyrir birgja sem félagið óskar eftir að birgjar uppfylli, til að stuðla að því og tryggja að kröfur um góða viðskiptahætti og siðferði séu uppfylltar í virðiskeðjunni.

Sjóvá leggur mikla áherslu á öryggi og vernd upplýsinga, og hefur sett sér stefnur um upplýsingaöryggi og um persónuvernd, meðal annars til að tryggja rétta meðferð upplýsinga, gagna og kerfa. Gerðar eru reglulegar úttektir og prófanir á starfseminni til að tryggja að kröfur séu uppfylltar, meðal annars þær kröfur sem gerðar eru til aðila með vottun á upplýsingaöryggi skv. ISO27001 staðlinum. Stöðugt er unnið að því að meta og lágmarka áhættu vegna ógna við upplýsingaöryggi. Sjóvá vinnur náið með ýmsum innlendum og erlendum sérfræðingum á þessu sviði til að tryggja eftirlit, prófanir og viðbragð á innviðum og upplýsingakerfum. Þá er fræðsla mikilvægur þáttur í að viðhalda þekkingu starfsfólks og stjórnar á þessu sviði.

Þær reglur, stefnur og siðareglur, sem Sjóvá hefur sett í starfseminni og eru birtar opinberlega, má nálgast á sjova.is.

Flokkunarkerfi um sjálfbærar fjárfestingar

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins var innleidd á Íslandi á árinu 2023. Flokkunarkerfið nær til hluta af starfsemi Sjóvár og birtir félagið nú í þriðja sinn þær upplýsingar sem því ber að birta samkvæmt reglugerðinni.

Félögum sem falla undir upplýsingaskylduna ber að fjalla um:

- starfsemi félagsins sem flokkunarkerfið nær til.
- starfsemi félagsins sem fellur að flokkunarkerfinu.

Lykilárangursmælikvarðar fyrir starfsemi váttryggingafélaga eru tilgreindir í reglugerðinni. Starfsemi váttryggingafélaga telst jafnframt starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum flokkunarreglugerðarinnar. Þeir þættir starfsemi Sjóvár sem flokkunarkerfið nær til eru annars vegar skaðatryggingastarfsemi félagsins og hins vegar fjárfestingar félagsins sem tengjast tryggingastarfseminni.

Skaðatryggingastarfsemi samkvæmt flokkunarreglugerðinni

Greining á því hvaða skaðatryggingar félagsins flokkunarkerfið nær til byggist á kafla 10.1 í II viðauka framseldrar reglugerðar um loftslagsmál. Þar segir að flokkunarkerfið nái til þess þegar veitt er tryggingaþjónusta í þeim flokkum sem þar eru tilgreindir og fela í sér vernd gagnvart loftslagstengdum hættum. Loftslagstengdar hættur teljast t.d. vera jarðvegsrof, gróðureldar, stormar og fárviðri. Sjóvá býður upp á tryggingar í eftirtöldum flokkum af þeim sem tilgreindir eru í viðaukanum:

- a) váttryggingar vegna sjúkrakostnaðar
- b) váttryggingar vegna tekjuverndar
- c) atvinnuslysatryggingar
- d) ábyrgðartryggingar vegna ökutækja
- e) aðrar ökutækjatrýggingar
- f) sjó-, flug- og farmtryggingar
- g) váttryggingar vegna bruna og annars eignatjóns

Mat á því hvort þessar tryggingar feli í sér vernd fyrir loftslagstengdum hættum var framkvæmt í upphafi árs 2024 með viðeigandi sérfræðingum félagsins og farið yfir hvort og hvernig hver trygging um sig mætti umræddum hættum. Hafa ber í huga að eignatjón vegna ákveðinna náttúruhamfara eru bætt af Náttúruhamfaratryggingu Íslands lögum samkvæmt og því eru slík tjón undanskilin í almennum skilmálum félagsins. Við flokkun trygginga var þó einnig tekið mið af umfangsminni veðurtengdum atburðum sem rekja má til loftslagsbreytinga, sem ekki teljast náttúruhamfarir sem bættar eru af Náttúruhamfaratryggingu Íslands.

Í samræmi við reglugerðina var einnig metið hversu hátt hlutfall trygginga félagsins flokkast þannig að þær falli að reglugerðinni. Farið var í gegnum tæknileg matsviðmið sem skilgreind hafa verið fyrir tryggingastarfsemi og metið hvort trygging stuðli verulega að aðlögun að loftslagsbreytingum. Það var gert með því að taka afstöðu til spurninganna í tæknilegu matsviðmiðunum með viðeigandi sérfræðingum félagsins. Eins var metið hvort tryggingin valdi engum verulegum skaða á öðrum umhverfismarkmiðum. Matsviðmiðin eru ítarleg og þarf að uppfylla sértæk skilyrði til að trygging geti talist falla að reglugerðinni. Þetta mat var yfirfarið í lok árs 2025 og skoðað hvort breytingar hefðu orðið á vörum sem hefðu áhrif á flokkun þeirra og nýjar vörur flokkaðar.

Út frá niðurstöðum þessa mats voru tekjur af þeim tryggingum sem reglugerðin nær til 83,7% af heildartekjum af tryggingum félagsins á árinu 2025. Aftur var það metið svo að engin trygging Sjóvár yrði flokkuð þannig að hún félli að reglugerðinni.

Vátryggingastarfsemi	Aðlögun að loftslagsbreytingum		Veldur ekki verulegu tjóni (DNSH)					
	Tekjur*, 2025	Hlutfall tekna, 2025	Mótvægi við loftslagsbreytingar	Vatsn- og sjávarauðlindir	Hringrásarhagkerfið	Mengun	Liffræðileg fjölbreytni og vistkerfi	Lágmarks vernarráðstafanir
	ISK	%	I/N	I/N	I/N	I/N	I/N	I/N
A.1 Skaðatryggingar og endurtryggingastarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu (umhverfissjálfbær)	-	0%						
A.1.1. Þar af endurtryggð	-	0%						
A.1.2. Þar af frá endurtryggingastarfsemi								
A.1.2.1. Þar af endurtryggð (endurtrygging)								
A.2 Skaðatryggingastarfsemi sem flokkunarreglugerðin nær til en fellur ekki að henni (ekki umhverfissjálfbær)	29.112.948.659	83,7%						
B Líf- og skaðatryggingastarfsemi sem flokkunarreglugerðin nær ekki til	5.665.419.618	16,3%						
Samtals (A1+A2+B)	34.778.368.277	100%						

*Tekjur ársins 2025 af vátryggingasamningum

Fjárfestingastarfsemi samkvæmt flokkunarreglugerðinni

Í samræmi við flokkunarreglugerð ESB skal vátryggingafélag birta lykilmælikvarða sem eru hlutfall eignasafns sem flokkunarreglugerðin nær til og hlutfall eignasafns sem fellur að flokkunarreglugerðinni.

Við mat á því hvort og þá að hve miklu leyti fjárfesting nær til flokkunarreglugerðarinnar og að hve miklu leyti hún fellur að henni skal eingöngu notast við upplýsingar sem birtar hafa verið af viðkomandi fyrirtæki sem fjárfest hefur verið í. Íslensk fyrirtæki sem falla undir upplýsingagjöf flokkunarkerfisins birtu í ársreikningum vegna ársins 2024 upplýsingar samkvæmt flokkunarreglugerðinni. Þau hafa því birt upplýsingar um hvort og/eða að hve miklu leyti starfsemi fyrirtækis nær til flokkunarreglugerðarinnar. Jafnframt hafa íslensk fyrirtæki birt hvort eða að hve miklu leyti starfsemi þeirra fellur að flokkunarreglugerðinni.

Útreikningur á lykilárangursmælikvarða tekur mið af heildarfjárfestingum félagsins, að undanskildum fjárfestingum vegna ríkisstjórna, seðlabanka og yfirþjóðlegra útgefenda. Einnig eru undanskildar fjárfestingar vegna félaga sem ekki er skylt að birta ófjárhagslegar upplýsingar. Upplýsingar sem notaðar eru í útreikningum, t.d. til að meta hvort atvinnustarfsemi falli að flokkunarkerfinu, eru fengnar úr ársreikningum útgefenda. Reynsla af EU Taxonomy er takmörkuð, m.a. með tilliti til upplýsingagjafar útgefenda, sem hefur áhrif á upplýsingagjöf Sjóvár.

Sjóvá birtir hér að neðan hlutfall eignasafns sem fellur að flokkunarreglugerðinni og nær til flokkunarreglugerðarinnar fyrir fjárhagsárið 2025.

Upplýsingar um hlutfall eignasafns sem fellur að flokkunarreglugerðinni og nær til flokkunarreglugerðarinnar			
Vegið meðalgildi allra fjárfestinga vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem er beint að fjármögnun, eða eru í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, miðað við virði heildareigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann, með eftirfarandi vægi fyrir fjárfestingar í félögum eins og hér segir:		Vegið meðalgildi allra fjárfestinga vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem er beint að fjármögnun, eða eru í tengslum við atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, með eftirfarandi vægi fyrir fjárfestingar í félögum eins og hér segir:	
Á grundvelli veltu:	2,44%	Á grundvelli veltu:	1.130.580.309
Á grundvelli fjárfestingargjalda:	2,61%	Á grundvelli fjárfestingargjalda:	1.210.212.122
Hlutfall eigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann miðað við heildarfjárfestingar vátrygginga- eða endurtryggingafélaga (heildareignir í stýringu (AuM)) Að undanskildum fjárfestingum í opinberum stofnunum*		Fjárhagslegt virði eigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann. Að undanskildum fjárfestingum í opinberum stofnunum*	
Þekjuhlutfall:	91,52%	Þekja:	46.386.205.057

*Verðbréf samstæðunnar skv. ársreikningi eru 62.922.280 þús. kr. og fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka 5.315.713 þús. kr. Verðbréf vegna ríkisstjórna, seðlabanka og yfirþjóðlegra útgefenda, sem eru undanskilin frá útreikningum á lykilárangursmælikvarða, eru 17.553.613 þús. kr.

Viðbótarupplýsingar til fyllingar: Sundurtíðun nefnara lykilárangursmælikvarðans			
Hlutfall afleiða miðað við heildareignir sem falla undir lykilárangursmælikvarðann.	0,00%	Virði afleiða í fjárhæðum.	0
Hlutfall áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:		Virði áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB:	
Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði:	3,25%	Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði:	1.505.730.452
Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði:	8,21%	Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði:	3.809.982.548
Hlutfall áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði utan Sambandsins sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:		Virði áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði utan Sambandsins sem falla ekki undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB:	
Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði:	2,87%	Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði:	1.330.850.800
Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði:	0,00%	Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði:	0
Hlutfall áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:		Virði áhættuskuldbindinga vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB:	
Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði:	48,85%	Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði:	22.661.720.621
Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði:	36,82%	Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði:	17.077.920.636
Hlutfall áhættuskuldbindinga vegna annarra mótaðila, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:		Virði áhættuskuldbindinga vegna annarra mótaðila:	
Hlutfall (%)	0,00%	Fjárhæð	0
Hlutfall fjárfestinga váttrygginga- eða endurtryggingafélags, aðrar en fjárfestingar sem haldið er í tilgangi líftryggingarsamninga þar sem váttryggingartakarnir bera fjárfestingaráhættuna, sem beint er að fjármögnun, eða eru í tengslum við, atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu.		Virði fjárfestinga váttrygginga- eða endurtryggingafélags, aðrar en fjárfestingar sem haldið er í tilgangi líftryggingarsamninga þar sem váttryggingartakarnir bera fjárfestingaráhættuna, sem beint er að fjármögnun, eða eru í tengslum við, atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu.	
Hlutfall (%)	2,44%	Fjárhæð	1.130.580.309
Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir miðað við heildareignir sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:		Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir:	
Hlutfall (%)	59,89%	Fjárhæð	27.779.228.352
Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, en fellur ekki að flokkunarkerfinu miðað við virði heildareigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:		Virði allra fjárfestinga sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, en fellur ekki að flokkunarkerfinu:	
Hlutfall (%)	26,22%	Fjárhæð	12.160.683.396

Viðbótarupplýsingar til fyllingar: Sundurliðun teljara lykilárangursmælikvarðans			
Hlutfall áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:		Virði áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna fyrirtækja á fjármálamarkaði og fyrirtækja sem ekki eru á fjármálamarkaði sem falla undir 19. gr. a og 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB:	
Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði:		Fyrir fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði:	
Á grundvelli veltu:	3,83%	Á grundvelli veltu:	1.120.834.317
Á grundvelli fjárfestingargjalda:	4,08%	Á grundvelli fjárfestingargjalda:	1.193.684.956
Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði:		Fyrir fyrirtæki á fjármálamarkaði:	
Á grundvelli veltu:	0,06%	Á grundvelli veltu:	9.745.992
Á grundvelli fjárfestingargjalda:	0,10%	Á grundvelli fjárfestingargjalda:	16.527.166
Hlutfall fjárfestinga váttrygginga- eða endurtryggingafélags, aðrar en fjárfestingar sem haldið er í tilgangi líftryggingarsamninga þar sem váttryggingartakarnir bera fjárfestingaráhættuna, sem beint er að fjármögnun, eða eru í tengslum við, atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu.		Virði fjárfestinga váttrygginga- eða endurtryggingafélags, aðrar en fjárfestingar sem haldið er í tilgangi líftryggingarsamninga þar sem váttryggingartakarnir bera fjárfestingaráhættuna, sem beint er að fjármögnun, eða eru í tengslum við, atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu.	
Á grundvelli veltu:	2,44%	Á grundvelli veltu:	1.130.580.309
Á grundvelli fjárfestingargjalda:	2,61%	Á grundvelli fjárfestingargjalda:	1.210.212.122
Hlutfall áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna annarra mótaðila, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:		Virði áhættuskuldbindinga, sem falla að flokkunarkerfinu, vegna annarra mótaðila, af heildareignum sem falla undir lykilárangursmælikvarðann:	
Á grundvelli veltu:	0,00%	Á grundvelli veltu:	0
Á grundvelli fjárfestingargjalda:	0,00%	Á grundvelli fjárfestingargjalda:	0

Sundurliðun teljara lykilárangursmælikvarðans eftir umhverfismarkmiðum		
Starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu – að því gefnu að „valdi ekki verulegu tjóni“ (DNSH) og fyrir liggi jákvætt mat á félagslegum verndarráðstöfunum:		
	Velta %	Fjárfestingargjöld %
1) Mótvægi við loftslagsbreytingar	0,00%	0,00%
a) Umbreytingastarfsemi:	0,00%	0,00%
b) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum:	0,00%	0,00%
2) Aðlögun að loftslagsbreytingum	2,44%	2,61%
a) Umbreytingastarfsemi:	0,00%	0,00%
b) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum:	2,44%	2,61%
3) Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	0,00%	0,00%
a) Umbreytingastarfsemi:	0,00%	0,00%
b) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum:	0,00%	0,00%
4) Umbreyting yfir í hringrásarhagkerfi	0,00%	0,00%
a) Umbreytingastarfsemi:	0,00%	0,00%
b) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum:	0,00%	0,00%
5) Mengunarvarnir og -eftirlit	0,00%	0,00%
a) Umbreytingastarfsemi:	0,00%	0,00%
b) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum:	0,00%	0,00%
6) Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa	0,00%	0,00%
a) Umbreytingastarfsemi:	0,00%	0,00%
b) Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum:	0,00%	0,00%

Ófjárhagslegar upplýsingar eru hluti af ársreikningi félagsins sem er í heild sinni lagður fyrir endurskoðunarnefnd Sjóvár og er samþykktur af stjórn félagsins.

Selected Financial Information
for the year ended 2025

Consolidated Statement of Comprehensive Income

	2025	2024
Insurance service revenues	34.778.368	33.597.519
Insurance service expenses	(32.046.045)	(31.720.024)
Reinsurance result	<u>(156.156)</u>	<u>(594.420)</u>
Insurance service result	<u>2.576.167</u>	<u>1.283.075</u>
Net financial income	609.358	671.116
Fair value changes of securities	1.839.892	4.802.767
Operating expenses on investment activities	<u>(411.616)</u>	<u>(393.624)</u>
Investment return	<u>2.037.634</u>	<u>5.080.258</u>
Net finance expenses from insurance contracts	<u>(1.589.649)</u>	<u>(1.645.026)</u>
Total investment return	<u>447.985</u>	<u>3.435.233</u>
Net insurance and investment result	<u>3.024.153</u>	<u>4.718.308</u>
Other revenues	162.417	170.460
Other operating expenses	(55.803)	(53.241)
Other finance costs	<u>(65.684)</u>	<u>(67.037)</u>
Profit before income tax	<u>3.065.083</u>	<u>4.768.490</u>
Income tax	<u>(998.947)</u>	<u>(527.588)</u>
Comprehensive income for the year	<u><u>2.066.135</u></u>	<u><u>4.240.902</u></u>
Profit attributable to:		
Shareholders of the Parent Company	<u>2.066.135</u>	<u>4.240.902</u>
Earnings per share:		
Basic earnings per share	1,79	3,67
Diluted earnings per share	1,78	3,66

Consolidated Statement of Financial Position

	31.12.2025	31.12.2024
Assets		
Cash and cash equivalents	1.754.001	1.567.913
Securities	62.922.280	62.575.602
Investments where the investment risk is borne by the policyholders	5.315.713	5.493.189
Reinsurance assets	3.149.463	2.040.927
Other receivables	1.840.924	2.006.460
Goodwill	243.578	243.578
Leased assets	1.132.526	1.211.871
Operating assets	515.908	552.793
Total assets	<u>76.874.393</u>	<u>75.692.333</u>
Equity		
Share capital	1.161.702	1.156.590
Share premium	171.760	0
Statutory reserve	290.425	289.148
Restricted equity	6.095.209	4.988.805
Retained earnings	16.305.551	18.693.535
Total equity	<u>24.024.648</u>	<u>25.128.078</u>
Liabilities		
Accounts payable and other short term liabilities	1.575.875	1.456.493
Tax payable	1.035.158	535.224
Insurance contract liabilities	43.650.699	41.712.958
Technical provision for life-assurance policies where the investment risk is borne by the policyholders	5.315.713	5.493.189
Lease liabilities	1.249.793	1.313.549
Deferred tax liability	22.506	52.842
Total liabilities	<u>52.849.745</u>	<u>50.564.255</u>
Total equity and liabilities	<u>76.874.393</u>	<u>75.692.333</u>

Segment reporting

Year 2025	Property and casualty insurance	Life insurance	Financial operation	Group
Insurance service revenues	31.170.692	3.607.676	0	34.778.368
Incurred claims	(24.011.148)	(1.207.461)	0	(25.218.609)
Operating expenses on insurance activities	(6.071.239)	(756.196)	0	(6.827.435)
Reinsurance result	50.259	(206.415)	0	(156.156)
	<u>1.138.564</u>	<u>1.437.603</u>	<u>0</u>	<u>2.576.167</u>
Net financial income	0	0	609.358	609.358
Fair value changes of securities	0	0	1.839.892	1.839.892
Operating expenses on investment activities ...	0	0	(411.616)	(411.616)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>2.037.634</u>	<u>2.037.634</u>
Net finance expenses from insurance contracts	0	0	(1.589.649)	(1.589.649)
Profit of segment	<u>1.138.564</u>	<u>1.437.603</u>	<u>447.985</u>	<u>3.024.153</u>
Other revenues				162.417
Other operating expenses				(55.803)
Other finance costs				(65.684)
Income tax				(998.947)
Comprehensive income for the year				<u><u>2.066.135</u></u>

Year 2024	Property and casualty insurance	Life insurance	Financial operation	Group
Insurance service revenues	30.194.501	3.403.018	0	33.597.519
Incurred claims	(23.678.423)	(1.426.338)	0	(25.104.761)
Operating expenses on insurance activities	(5.875.851)	(739.412)	0	(6.615.263)
Reinsurance result	(510.491)	(83.929)	0	(594.420)
	<u>129.736</u>	<u>1.153.339</u>	<u>0</u>	<u>1.283.075</u>
Net financial income	0	0	671.116	671.116
Fair value changes of securities	0	0	4.802.767	4.802.767
Operating expenses on investment activities ...	0	0	(393.624)	(393.624)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>5.080.258</u>	<u>5.080.258</u>
Net finance expenses from insurance contracts	0	0	(1.645.026)	(1.645.026)
Profit of segment	<u>129.736</u>	<u>1.153.339</u>	<u>3.435.233</u>	<u>4.718.308</u>
Other revenues				170.460
Other operating expenses				(53.241)
Other finance costs				(67.037)
Income tax				(527.588)
Comprehensive income for the year				<u><u>4.240.902</u></u>

Segment reporting, cont.:

Insurance service result from Property and casualty insurance divides as follows:

Year 2025

	Property insurance	Marine insurance	Compulsory motor insurance	Other motor insurance	General liability insurance	Income protection insurance	Workers compens. insurance	Medical expense insurance	Total
Insurance service revenues	7.172.570	1.010.536	12.248.522	6.224.726	1.894.227	1.543.476	1.036.260	40.377	31.170.692
Incurred claims	(4.676.307)	(574.896)	(9.711.318)	(5.801.186)	(1.300.220)	(1.198.169)	(737.007)	(12.044)	(24.011.148)
Operating expenses on insurance activities .	(1.380.936)	(173.812)	(2.363.721)	(1.442.490)	(258.718)	(298.178)	(145.524)	(7.860)	(6.071.239)
Reinsurance result	642.528	(269.393)	(37.281)	0	(246.371)	23.095	(62.319)	0	50.259
Insurance service result	1.757.855	(7.565)	136.202	(1.018.950)	88.917	70.224	91.409	20.472	1.138.564

Year 2024

	Property insurance	Marine insurance	Compulsory motor insurance	Other motor insurance	General liability insurance	Income protection insurance	Workers compens. insurance	Medical expense insurance	Total
Insurance service revenues	6.988.869	1.055.934	11.812.622	5.919.946	1.864.977	1.366.042	1.145.131	40.978	30.194.501
Incurred claims	(5.197.542)	(523.009)	(9.262.410)	(5.391.784)	(1.542.625)	(866.633)	(881.294)	(13.127)	(23.678.423)
Operating expenses on insurance activities .	(1.382.335)	(166.389)	(2.273.113)	(1.368.994)	(251.343)	(274.230)	(151.923)	(7.524)	(5.875.851)
Reinsurance result	(190.795)	(123.001)	(90.667)	0	(105.399)	(2.692)	2.063	0	(510.491)
Insurance service result	218.197	243.535	186.432	(840.832)	(34.389)	222.488	113.977	20.327	129.736

Quarterly Statements

	Q4 2025	Q3 2025	Q2 2025	Q1 2025	Total 2025	Q4 2024	Q3 2024	Q2 2024	Q1 2024	Total 2024
Insurance service revenues	8.676.659	9.034.445	8.693.651	8.373.614	34.778.368	8.457.123	8.714.017	8.344.671	8.081.709	33.597.519
Incurred claims	(7.435.141)	(6.201.586)	(5.851.639)	(5.730.243)	(25.218.609)	(6.714.155)	(6.104.796)	(6.285.022)	(6.000.789)	(25.104.761)
Operating expenses on insurance activities	(1.780.881)	(1.571.608)	(1.755.240)	(1.719.706)	(6.827.435)	(1.790.297)	(1.520.119)	(1.684.715)	(1.620.132)	(6.615.263)
Reinsurance result	668.224	(324.967)	(397.216)	(102.197)	(156.156)	360.619	(211.700)	(524.511)	(218.828)	(594.420)
Insurance service result	128.861	936.284	689.555	821.467	2.576.167	313.291	877.402	(149.577)	241.960	1.283.075
Net financial income	44.379	44.495	232.470	288.014	609.358	88.541	7.015	290.361	285.199	671.116
Fair value changes of securities	1.938.732	1.018.997	(221.184)	(896.653)	1.839.892	3.080.836	1.343.292	(120.526)	499.164	4.802.767
Operating expenses on investment activities	(113.052)	(105.262)	(98.418)	(94.883)	(411.616)	(105.338)	(98.206)	(109.069)	(81.012)	(393.624)
Investment return	1.870.059	958.230	(87.132)	(703.522)	2.037.634	3.064.038	1.252.102	60.766	703.352	5.080.258
Net finance expenses from insurance contracts	(409.464)	(406.608)	(351.532)	(422.045)	(1.589.649)	(385.373)	(541.780)	(377.721)	(340.151)	(1.645.026)
Total investment return	1.460.594	551.622	(438.663)	(1.125.568)	447.985	2.678.665	710.321	(316.954)	363.201	3.435.233
Net insurance and investment result	1.589.455	1.487.906	250.892	(304.101)	3.024.153	2.991.956	1.587.723	(466.532)	605.161	4.718.308
Other revenues	22.897	22.921	85.333	31.266	162.417	35.481	38.278	67.227	29.474	170.460
Other operating expenses	(19.815)	(12.295)	(10.257)	(13.435)	(55.803)	(17.057)	(10.573)	(12.670)	(12.941)	(53.241)
Other finance costs	(15.951)	(16.397)	(16.915)	(16.421)	(65.684)	(16.798)	(16.667)	(16.762)	(16.809)	(67.037)
Profit (loss) before income tax	1.576.587	1.482.135	309.053	(302.692)	3.065.083	2.993.582	1.598.761	(428.737)	604.884	4.768.490
Income tax	(176.141)	(336.976)	(248.900)	(236.931)	(998.947)	(181.611)	(157.289)	(5.060)	(183.627)	(527.588)
Comprehensive income (loss) for the period	1.400.446	1.145.159	60.153	(539.622)	2.066.135	2.811.971	1.441.472	(433.797)	421.257	4.240.902
Claims ratio	85,7%	68,6%	67,3%	68,4%	72,5%	79,4%	70,1%	75,3%	74,3%	74,7%
Reinsurance ratio	(7,7%)	3,6%	4,6%	1,2%	0,4%	(4,3%)	2,4%	6,3%	2,7%	1,8%
Cost ratio	20,5%	17,4%	20,2%	20,5%	19,6%	21,2%	17,4%	20,2%	20,0%	19,7%
Combined ratio	98,5%	89,6%	92,1%	90,2%	92,6%	96,3%	89,9%	101,8%	97,0%	96,2%
Return on equity bef. tax on an annual basis	27,1%	27,1%	5,8%	(5,2%)	12,5%	50,5%	29,6%	(8,1%)	10,8%	19,7%
Return on equity after tax on an annual basis	24,1%	21,0%	1,1%	(9,3%)	8,4%	47,4%	26,7%	(8,2%)	7,6%	17,5%
Earnings (loss) per share	1,21	0,99	0,05	(0,47)	1,79	2,43	1,25	(0,38)	0,36	3,67
Insurance contract liabilities	43.650.699	42.433.038	42.392.811	41.642.046	43.650.699	41.712.958	40.768.570	39.808.766	38.596.442	41.712.958
Total assets	76.874.393	73.942.822	73.907.913	73.068.367	76.874.393	75.692.333	72.726.097	70.097.143	70.491.066	75.692.333
Total equity	24.024.648	22.437.093	21.278.069	21.203.352	24.024.648	25.128.078	22.299.690	20.856.790	21.290.588	25.128.078
Solvency ratio SII after proposed dividend	1,40	1,42	1,36	1,36	1,40	1,42	1,45	1,34	1,40	1,42
Minimum capital ratio	3,43	3,26	3,09	3,11	3,43	3,32	3,33	3,10	3,23	3,32

Undirritunarsíða

Björgólfur Jóhannsson

Hildur Árnadóttir

Guðmundur Örn Gunnarsson

Ingi Jóhann Guðmundsson

Ingunn Agnes Kro

Hermann Björnsson

Díana Hilmarsdóttir

Sigurjón Örn Arnarson